

# Að vera kvár á Íslandi

## Hvað felst í kynjajafnrétti fyrir kvár?

Birta Ósk

Meistaránemi í kynjafræði við Háskóla Íslands

September 2022



**Höfundur:** Birta Ósk (kt. 060297–2319), meistaranemi í kynjafræði við Háskóla Íslands.

**Styrkur:** Skýrslan var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, Rannís og unnin í júní til ágúst 2022.

**Umsjónarkona:** Rut Einarsdóttir, framkvæmdarstýra Kvenréttindafélags Íslands

**Meginafurð rannsóknar:** Tillögur til úrbóta sem afhendar voru stjórnvöldum að rannsóknartímabili loknu. Þessar tillögur gefa skýra mynd á þörfum kvára sem brýnt eru að stjórnvöld sinni betur.

## Tillögur til úrbóta til stjórnvalda

Rannsóknin „Að vera kvár á Íslandi“ eftir Birtu Ósk gefur góða mynd á hver félagsleg staða kvára er á Íslandi í dag. Kvár falla innan regnhlífarhugtaksins trans og eru fullorðnir kynsegin einstaklingar sem falla á einn eða annan hátt fyrir utan kynjatvíhyggjuna kona-karl. Tillögur þessar eru dregnar úr niðurstöðum fyrrnefndar rannsóknar um kerfislægar hindranir sem kvár eru að verða fyrir í dag. Brýnt er að stjórnvöld útrými þessum hindrunum til þess að styðja betur við þarfir kvára í samfélaginu. Þetta er mikilvægt meðal annars til þess framfylgja jafnréttislögum (nr. 150/2020) og lögum um kynrætt sjálfræði (nr. 80/2019).

### Tillögur til úrbóta um hvernig megi stuðla að jafnrétti fyrir kvár

| Kerfislægar hindranir kvára      |  | Tillögur til úrbóta  |
|----------------------------------|--|--|
| 1                                | Ósýnileiki hópans. Samfélagið gerir ekki ráð fyrir þeim. <sup>1</sup>                                  | Aðgerðir til þess að auka sýnileika, umburðarlyndi og jákvæða vitundavakningu um hópinn.   |
| 2                                | Kynjamisrétti kvára vanmetin vegna útilokunar frá skýrslum og rannsóknum á kynjamisrétti. <sup>2</sup> | Taka kvár með í kyngreinda tölfraði og rannsóknir á stöðu kynjajafnréttis á Íslandi, á sviði heilbrigðis, menntunar, menningar, o.fl.. Einnig er mikilvægt að fjármagna auknar rannsóknir á stöðu kvára og annars trans fólks. |
| <b>Stjórnsýsla</b>               |  |  |
| 3                                | Kvár veigra sér frá hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá. <sup>3</sup>                                 | Heimila val á skráningu kyns á vegabréfi eða gefa kvárum kost á að bera tvö vegabréf. Endurskoða lög um mannanöfn (nr. 45/1996).   |
| 4                                | Kostnaðarsamt að breyta skráningu nafns og/eða kyns.   | Fella niður gjöld kvára á leiðréttingu á nafni og kyni í þjóðskrá (9000kr.) og gjöld við breytingu í vegabréfi (13-26.000kr.) og annara skilríkja.   |
| <b>Heilbrigðiskerfi</b>          |  |  |
| 5                                | Ferli Trans teymisins er ábótavant. <sup>4</sup>   | Fjármagna Trans teymið. Sækja ráðgjöf hjá trans og kynsegin fólki við endurskoðun verkferla.   |
| 6                                | Trans teymið er undirmanað.  | Fjármagna Trans teymið. Auka starfsafl. Ráða trans manneskju inn í teymið og auka fræðslu innan teymisins um málefni kvára.  |
| 7                                | Trans heilbrigðisþjónusta kostnaðarsöm.  | Endurskoða staðla og fella niður kvaðir Sjúkratryggingar Íslands á heilbrigðisþjónustu trans fólks, sem mismunar sérstaklega kvárum.   |
| 8                                | Kvárum eru mætt skilningsleysi þegar þau sækja almenna heilbrigðisþjónustu. <sup>5</sup>               | Skylda heilbrigðisstarfsfólk til þess að sitja fræðslu um málefni kvára og annara minnihlutahópa.  |
| <b>Skólakerfi og vinnustaðir</b> |  |  |
| 9                                | Kvár mæta fordómum í skólakerfinu og innan vinnustaða. <sup>6</sup>                                    | Almennar aðgerðir fyrir sýnileika kvára. Fræðsla fyrir skólasterfsfólk og starfsfólk opinberra stofnanna.  |

<sup>1</sup> Birta Ósk (2022). Að vera kvár á Íslandi: Hvað felst í kynjajafnrétti fyrir kvár?. Kvenréttindafélag Íslands. bls. 27-30.

<sup>2</sup> bls. 19-20.

<sup>3</sup> bls. 33-34.

<sup>4</sup> bls. 34-36.

<sup>5</sup> bls. 36.

<sup>6</sup> bls. 38-41.

## Útdráttur

Vitundavakning hefur verið að undanfögnu um kvár, þ.e. einstaklinga sem upplifa sig fyrir utan kynjafnhyggjuna kona-karl, en þrátt fyrir það hafa kvár verið útilokuð úr umræðu um kynjafnrétti. Rannsókn þessi leitast eftir að svara eftirfarandi spurningum: hverjar eru birtingarmyndir kynjamisrættis sem kvár upplifa? og, hvaða kerfislægu hindranir eru kvár að upplifa? Tekin voru fjögur viðtöl við kvár og þau voru þemagreind. Niðurstöður leiddu í ljós að 1) líf kvára einkennist af ósýnileika að því leiti að samfélagið gerir ekki ráð fyrir þeim, 2) kvárum er eignuð ábyrgð yfir að búa til pláss fyrir sig í samfélaginu og 3) kerfislægum hindrunum. Kerfislægar hindranir eru að finna innan stjórnsýslunnar, heilbrigðiskerfisins, skólakerfisins og vinnustaða. Rannsóknin sýnir að umtalsmikil vitundavakning verður að eiga sér stað í samfélaginu um málefni kvára. Rannsóknin var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnin í samstarfi við Kvenréttindafélag Íslands.

## Abstract

Recently, there has been increased awareness about non-binary individuals, which are people who experience themselves outside the woman-man gender binary, but despite that, non-binary individuals have been excluded from the discussion about gender equality. This study seeks to answer the following questions: what are the manifestations of gender inequality, experienced by non-binary persons? and, what systematic barriers do non-binary people face? Four interviews were conducted, and they were analyzed thematically. The results revealed that 1) the lives of non-binary people are characterized by invisibility, in the sense that the society does not expect nor include them, 2) responsibility is assigned to non-binary individuals to create space for themselves in the society and 3) systemic barriers. Systemic barriers can be found within the public administration, health care and educational systems, and workplaces. The research shows that a significant awareness raising must take place in Icelandic society about non-binary issues. The research was funded by the Icelandic Student Innovation Fund (*Nýsköpunarsjóður námsmanna*) and carried out in collaboration with the Icelandic Women's Rights Association.

## Efnisyfirlit

|        |   |    |
|--------|---|----|
| 1.     | Inngangur .....   | 6  |
| 1.1.   | Kvár .....  | 6  |
| 1.2.   | Jákvæð vitundavakning um kvár .....                       | 8  |
| 1.3.   | Nýsköpunargildi rannsóknar .....                          | 8  |
| 1.4.   | Markmið rannsóknar .....                                  | 9  |
| 1.5.   | Uppsetning rannsóknarskýrslu .....                        | 9  |
| 2.     | Félagsleg staða kvára .....                               | 10 |
| 2.1.   | Kynhlutlaust tungumál .....                               | 10 |
| 2.1.1. | Hugtakanotkun um kvár .....                               | 11 |
| 2.2.   | Síshyggja .....   | 12 |
| 2.3.   | Birtingarmyndir kynjamisréttis sem kvár verða fyrir ..... | 13 |
| 2.3.1. | Kynjamisrétti í samfélaginu .....                         | 13 |
| 2.3.2. | Kynjuð aðstaða .....                                      | 13 |
| 2.3.3. | Kynjamisrétti á vinnumarkaði .....                        | 14 |
| 2.3.4. | Hatursglæpir og ofbeldi gegn kvár .....                   | 14 |
| 2.3.5. | Bælingarmeðferðir trans fólks .....                       | 14 |
| 2.3.6. | Kynjamisrétti gegn stálpum .....                          | 15 |
| 2.4.   | Réttindabarátta trans fólks hérlendis .....               | 15 |
| 2.5.   | Núverandi þjónusta á Íslandi fyrir kvár .....             | 16 |
| 3.     | Jafnrétti allra kynja .....                               | 18 |
| 3.1.   | Kynjakerfið, kynjatvíhyggja og trans fólk .....           | 18 |
| 3.2.   | Undirstöður fyrir jafnrétti kvára hérlendis .....         | 18 |
| 3.3.   | Útilokun kvára úr tölfræði .....                          | 19 |

|        |   |    |
|--------|---|----|
| 3.4.   | Skýrslur um kynjajafnrétti.....                   | 20 |
| 3.5.   | Barátta fyrir jafnrétti kynjanna.....             | 21 |
| 4.     | Aðferðafræði rannsókna.....                       | 22 |
| 5.     | Niðurstöður.....                                  | 27 |
| 5.1.   | Ósýnileiki.....                                   | 27 |
| 5.2.   | Ábyrgð.....                                       | 30 |
| 5.3.   | Kerfislægar hindranir.....                        | 33 |
| 5.3.1. | Stjórnsýsla: Hlutlaus skráning kyns og nafns..... | 33 |
| 5.3.2. | Heilbrigðiskerfið.....                            | 34 |
| 5.3.3. | Skólakerfi.....                                   | 36 |
| 5.3.4. | Vinnustaðir.....                                  | 38 |
| 5.3.5. | Samantekt um kerfislægar hindranir.....           | 40 |
| 6.     | Lokaorð.....                                      | 42 |
| 7.     | Heimildaskrá.....                                 | 43 |
|        | Viðauki 1 – Viðtalsrammi.....                     | 51 |

## 1. Inngangur

Ísland hefur fengið alþjóðlegt orðspor fyrir að vera framúrskarandi í jafnrétti kynjanna (World Economic Forum, 2021), en í þeim umfjöllunum er eingöngu fjallað um stöðu kvenna og karla og önnur kyn útilokuð. Hversu raunhæft og gagnlegt er að fjalla um kynjajafnrétti án þess að taka öll kyn með inn í myndina? Rannsókn þessi skoðar kynjajafnrétti út frá sjónarhóli kvára (e. *non-binary, gender-nonconforming, gender-queer*). Rannsóknin er unnin af Birtu Ósk, meistaranema í kynjafræði við Háskóla Íslands, í samstarfi við Kvenréttindafélag Íslands og er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.


### 1.1. Kvár

Í Hýrýrðasamkeppni Samtakana '78 árið 2020 var *kvár* valið sem nýyrði yfir ókyngreint nafnorð fyrir fullorðina kynsegin manneskju, en orðið kynsegin er lýsingarorð (á Mynd 1 má sjá fána kvára (Grand Rapids Pride Center, e.d.)). Kvár samsvarar orðunum kona og karl. Orðið er hvorukynsorð og beyging þess er á eftirfarandi vegu: *kvár – kvár – kvári – kvárs*, í fleirtölu *kvár – kvár – kvárum – kvára*, og með greini er það *kvárið*. Orðið hefur verið notað sem viðskeyti í staðinn fyrir karl eða kona í samsettum orðum, t.d. mágkvár (sbr. mágur, mágkona), svilkvár, þingkvár, vinkvár og lögreglukvár. Einnig var samþykkt nýyrðið *stálp* yfir kynsegin barn, sem er hliðstætt orðunum strákur og stelpa (Samtökin '78, 2021a; Eiríkur Rögnvaldsson, 2021a). Ekki er allt kynsegin fólk sem kys að nota orðið kvár um sjálft sig, en hér eftir verður notað orðið yfir allt kynsegin fólk, m.t.t. skilgreiningar orðsins sem regnhlífariheiti. Aðrar undirskilgreiningar sem sumt kvár eða kynsegin fólk notar er m.a. flæðigerva (e. *gender fluid*), algerva, dulkynja/vífguma (e. *androgyny*), pangerva (e. *pangender*), eigerva (e. *agender/genderless*), tvígerva (e. *bigender*) (Áttavitinn, 2021). Mörg kvár og stálp nota persónufornafnið hán og hvorukyns beygingarmyndir lýsingarorða (sjá nánar í kafla 2.1.1.).



Mynd 1. Fáni kvára.

Upplifun fólks á eigin kyni hefur verið skilgreind sem kynvitund (e. *gender identity*), en hún tengist ekki líffræði, útliti eða hegðun einstaklings. Kynvitund síis (e. *cis*) fólks samræmist því líffræðilega kyni sem því var úthlutað við fæðingu, en ekki hjá trans fólki, þ.á.m. kvárum (Hinsegin frá Ö til A, e.d. d). Kvár falla innan regnhlífarhugtaksins trans og eru einstaklingar sem skilgreina kyn sitt fyrir utan tvíhyggju kynjakerfisins á einn eða annan hátt (Hinsegin frá Ö til A, e.d. a). Líta má á hugtakið kvár sem annað regnhlífarheiti yfir fjölbreyttar upplifanir á kynvitund. Á Mynd 1 má sjá skýringarmynd af trans regnhlífinni (Íþróttabandalag Reykjavíkur, e.d.). Sumt kvár upplifir kyngervi sitt vera utan eða á milli við kynjatvíhyggjunnar kona eða karl, sumt upplifir sig flakka á milli þess að vera kona og karl og sumt upplifir sig vera hvorki kona né karl (Monro, 2019; Matsuno og Budge, 2017). Að lifa lífi sínu eftir eigin upplifaðri kynvitund tengist meiri vellíðan hjá kvárum og öðru trans fólki. Eftir því hvað sjálfmyndin tengd eigið kyni eða kyngervi er skýrari virðist vera að aukin einstaklingsvellíðan (Doyle o.fl., 2021).



Mynd 2. Trans regnhlífin.

Meirihluti fólks eru sískynja en hlutfall kvára er nokkuð á reiki. Samkvæmt nýlegri Bandarískri könnun eru kvár 1% allra fullorðina, en 4% einstaklinga á aldrinum 18–25 ára (Boyon og Silverstein, 2021). Vísbendingar um fjölda kvára hérlendis spegla þá könnun, en í maí 2022 voru 74 einstaklingar á Íslandi skráðir með kynhlutlausu skráningu í Þjóðskrá, sem var opnað fyrir í janúar 2021 (Kristinn Haukur Guðnason, 2022a). Það gera 0,02% þjóðar (miðað við að mannfjöldi á Íslandi sé 376.248 manns skv. Hagstofa Íslands, 2022), en ætla má að allt kvár sé ekki skráð með slíka skráningu. Ungt fólk í Reykjavík eru 3% kvár, samkvæmt könnun sem var gerð í 8–10. bekk grunnskóla í Reykjavík árið 2021 (Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa



Reykjavíkurborgar, 2021). Það bendir til þess að ungt fólk upplifi sig frjálssara að kanna og tjá sitt kyngervi en það eldra.

## 1.2. Jákvæð vitundavakning um kvár

Mikil vitundarvakning um kynseginleika hefur átt sér stað á undanförunum árum í íslensku samfélagi og virðist vera að kvárum fjölgi ört í samfélaginu, ef til vill vegna aukins rýmis sem umræðan skapar (Stefán Árni Pálsson, 2022). Dæmi um umfjöllun um kynseginleika og trans fólk er að finna í sjónvarpsþáttunum *Hinseginleikinn* sem komu út 2018 (Snærós Sindradóttir, 2018) og í útvarpsþáttunum *Kynsegin* sem komu út 2021 (Elísabet Rún, 2021). Aukin umræða hefur verið um kynhlutlausu málnotkun innan fjölmiðla, alþingis og almennings (sjá nánar í kafla 2.1.). Mikil umfjöllun um kynseginleika á samfélagsmiðlum á borð við Instagram og Twitter hefur átt sér stað (sjá má t.d. @hinseginleikinn á Instagram og @haframjolk á Twitter). Kváradagurinn var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn 22. mars 2022, sem er í anda konu- og bóndadags (Rebekka Líf Ingadóttir, 2022). Myndasögubókin *Kvár eftir Elísabetu Rún* kom út árið 2021 og er fyrsta íslenska bókverkið sem fjallar um kynseginleika (Júlía Margrét Einarsdóttir og Tómas Ævar Ólafsson, 2021).

Í poppkúltur hafa sífellt fleiri „komið út úr skápnunum“ sem kvár, eins og bandarískar kvikmynda- og tónlistarstjórnur eins og söngkvárin Demi Lovato, söng- og leikkvárinn Miley Cyrus, Jonathan Van Ness úr vinsælu þáttunum *Queer Eye* (Stefán Árni Pálsson, 2021; Fuentes og Olson, 2022). Á Íslandi hafa einnig kvár fyrirmyndir stigið fram, eins og Mars Proppé sem er aktívisti fyrir auknum sýnileika og réttindum kvára (UN Women, 2021) sem og myndlistarkvárið *Regn Sólmundur* (Regn Sólmundur Evudóttir, 2021). Aukin vitundavakning um þarfir kvára hefur einnig átt sér stað með umræðu um réttindabaráttu trans og kvára, en nánar verður fjallað um félagslega stöðu kvára og birtingarmyndir jaðarsetningar þeirra í 2. kafla þessarar skýrslu.

Þrátt fyrir mikla vitundarvakningu, er kvár hópur sem lítið er vitað um í vestrænum samfélögum (Matsuno og Budge, 2017) og þar af leiðandi vitum við ekki nóg um þarfir þeirra í íslensku samfélagi.

## 1.3. Nýsköpunargildi rannsókna

Rannsókn þessi svarar þeirri kalliandi þörf fyrir að fylla inn í þekkingarfræðilegt gat sem hefur myndast í jafnréttisfræðum um kynjajafnrétti kvára. Slík yfirgripsmikil rannsókn hefur ekki verið

framkvæmd hér á land og hefur því ríkt nýsköpunargildi. En þetta er sérstaklega viðeigandi viðfangsefni hérlendis þar sem Ísland hefur alþjóðlegt orðspor til að viðhalda um að vera hugleikið um og standa sig vel í kynjajafnrétti (World Economic Forum, 2021).

Að framkalla þekkingu um málefnið hefur einnig mikilvægt hagnýtingargildi, þar sem það gerir hinu opinbera betur kleift að framfylgja jafnréttislögum um að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og stuðla að jöfnum tækifærum allra kynja í öllum sviðum samfélagsins (lög nr. 150, 2020, 1. gr., 1. mgr.).

#### 1.4. Markmið rannsóknar

Rannsókn þessi kannar lífsreynslu kvára á Íslandi, hún einblínir á hvernig jaðarsetning þeirra birtist og lausnir við þeim vanda. Rannsóknin fylgir eftir þeirri mannréttindaforsendu að minnihlutahópar eigi að fá aðild að ákvarðanatöku hins opinbera sem koma að og hafa áhrif á líf þeirra (sjá t.d. Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, 2016).

Rannsókn þessi leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hverjar eru birtingarmyndir kynjamisréttis sem kvár upplifa?
2. Hvaða kerfislægu hindranir eru kvár að upplifa?

#### 1.5. Uppsetning rannsóknarskýrslu

Í skýrslu þessari verður farið yfir fræðilega umfjöllun í kafla tvö og þrjú. Fyrri kaflinn fer yfir fyrirliggjandi þekkingu á félagslegri stöðu kvára, jaðarsetningu þeirra og þarfa í íslensku samfélagi. Seinni kaflinn fjallar um kynjajafnrétti og inngildinu (e. *inclusion*) kvára í umræðu um kynjajafnrétti. Í fjórða kafla verður farið yfir aðferðafræði rannsóknarinnar. Þar á eftir verða niðurstöður þemagreiningar kynntar í kafla fimm. Lokaorð og umræður koma fram í kafla sex. Tillögur til úrbóta fyrir íslensk stjórnvöld við að þjóna betur kvárum samfélagsins er að finna í upphafi þessarar skýrslu.

## 2. Félagsleg staða kvára

Kvár eru oft á tíðum ekki viðurkennd af almenningi eða lítill skilningur er fyrir kvárum í vestrænum samfélögum í dag (Matsuno og Budge, 2017). Í þessum kafla verður félagsleg staða kvára á Íslandi og öðrum vestrænum samfélögum skoðuð.

### 2.1. Kynhlutlaust tungumál

Íslenska er karllægt tungumál og hefur karlkynið ráðandi stöðu í málkerfinu, en það getur verið útilokandi fyrir önnur kyn. Tungumál samfélaga eiga að endurspegla fólkið og menningu innan samfélaganna. Hröð þróun er að eiga sér stað í íslensku tungu sem femínistar og kvár hafa barist fyrir. Aukið kynhlutlaust mál gefur kvárum meira rými innan tungumálsins og hefur það að markmiði að vera ekki útilokandi eða meiðandi fyrir trans fólk (Ágústa Þorbergsdóttir, 2021). Fyrirtæki hafa einnig verið hvött til þess að nota aukið kynhlutlaust mál í t.d. auglýsingum um atvinnu og um viðburði, þar sem það getur vitaskuld aukið viðskipti að ná til stærri hóp fólks (Kristín Sigurðardóttir, 2022).

Nýmæli sem stuðlar að kynhlutlausu máli er að nota hvorukyn í stað karlkyn í hlutleysimerkingu, t.d. að nota *þau* eða *öll* í staðinn fyrir *þeir* eða *allir* eða að nota hvorukyns lýsingarorð í stað karlkyns. Dæmi eru „Þau sem trúá á mig munu lifa þótt þau deyi“ og „Öll græða á verðbólgunni“, „Fötluð njóta ekki alltaf fullra réttinda“. Einnig eykur það kynhlutleysi að forðast að nota orðið „maður“, sem hefur hugræna skírskotun í merkinguna karlmaður, og nota í staðinn orð eins og „manneskja“, „einstaklingur“ eða „fólk“ (Ágústa Þorbergsdóttir, 2021).

Að gera starfsheiti kynhlutlaus er önnur áskorun í íslensku máli, þar sem meirihluti íslenskra starfsheita eru karlkyns, sem mörg hver hafa viðskiptið -maður (vísindamaður, námsmaður, alþingismaður), -stjóri (bílstjóri, verslunarstjóri), -þjónn (lögregluþjónn, flugþjónn, barþjónn), -herra (ráðherra, sendiherra), eða -ingur/ -ari (leikari, kennari, tölvunarfræðingur, heimspekingur). Þó svo að starfsheitum sé ætlað að vera kynhlutlaus, þá eru þau málfræðilega karlkyns og finnst mörgu kvár og konum þau ekki eiga við sig. Það er dæmi um að orðið *man* sé notað í staðinn til að gera starfsheiti kynhlutlaus og orð eins og forstöðuman og alþingisman hafa verið búin til. Þessi notkun hefur ekki breiðst út, en miklir möguleikar eru í íslenska málinu sem er í stöðugri þróun (Eiríkur Rögnvaldsson, 2021b). Þessi umræða hefur einnig verið tekin innan alþingis þar sem sumt alþingisfólk kys að tala um „þau“ í hlutlausri merkingu í stað þess að segja

„þeir“. Einnig kjósa sumir að nota orðið „leghafi“ í stað orðsins „kona“, eða „barnhafnandi einstaklinga“ í stað „verðandi mæðra“ í viðeigandi samhengi (Snorri Mátsson, 2022). Þar sem ekki eru allir sem hafa leg konur og ekki eru öll sem fæða börn konur.

### 2.1.1. Hugtakanotkun um kvár

Mörg kvár á Íslandi nota persónufornafnið hán, en önnur kynhlutlaus fornöfn eru einnig í notkun til dæmis hé, hín og þau (Hinsegin frá Ö til A, e.d. e). Alda Villiljós (2013) er orðasmiður persónufornafnsins hán og var það fyrst notað árið 2013. Það beygist hán – hán – háni – háns og í fleirtölu þau – þau – þeim – þeirra (Ágústa Þorbergsdóttir, 2021). Stofnun Árna Magnússonar hefur tekið upp kynhlutlausa persónufornafnið hán í sínar orðabækur (Þorvaldur S. Helgason, 2021b). Ennþá ríkir þó miskilningur meðal sumra sem nota persónufornafnið sem nafnorð og segja t.d. „Blær er svona hán“, en réttara væri að segja að Blær sé kvár (Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, 2020). Sum kvár kjósa að nota lýsingarorð um sig í hvorukyni (t.d. ég er svangt) og að aðrir noti þau um sig (t.d. Blær/hán er svangt), en aðrir nota kven- og/eða karlkyns lýsingarorð (Hinsegin frá Ö til A, e.d. e).

Ný orð hafa einnig verið mynduð yfir tengsl fólks, nefna má ókyngreint hugtak sem samsvarar orðunum sonur og dóttir er orðið bur. Orðið fellur haganlega að hvorugkynsbeygingum (bur-bur-buri-burs) (Samtökin '78, 2015). Kvár sem hafa hlutlausa skráningu kyns geta notað nota -bur sem kenninafnsendingu, eða nafn móður eða föður í eignarfalli án viðbótar (sbr. Blær Jónsbur eða Blær Jóns) (Þjóðskrá, 2019). Kærast er kynhlutlaust orð yfir orðin kærasti/kærasta (Samtökin '78, 2015), en orðið maki er kynhlutlaust. Að sama skapi geta kynhlutlausu orðin vin eða vinkvár orð samsvarað orðunum vinur og vinkona.

Þrátt fyrir að kynhlutlaust tungumál sé tiltölulega flókið í okkar kynjuðu íslensku tungu, þá virðast Íslendingar almennt vera jákvæðir fyrir þróun tungumálsins. Þetta sást í verkefni Lilju Guðmundsdóttur (2021) sem kannaði viðhorf Íslendinga til kynhlutlaustar orðanotkunar. Út frá svörum viðhorfsskönnunar ( $N= 1.795$ ) ályktaði hún að Íslendingar séu að meirihluta jákvæð gagnvart kynhlutlausri orðanotkun og nýyrðum fyrir kvár. Til dæmis svöruðu 86% að ef einstaklingur mundi biðja þau um að nota persónufornafnið „hán“ um sig, myndu þau gera það (Lilja Guðmundsdóttir, 2021, bls. 33). Einnig tjáðu 48% svarenda að þeim þótti flókið að nota rétt orð fyrir einstakling sem skilgreinir sig utan hefðbundinar kynjatvíhyggju (kona-karl) en 37% að

þeim þótti það einfalt (bls. 36). Flestir (80%) sýndu áhuga að vilja læra meira um kynhlutlausu orðanotkun og hugtök (Lilja Guðmundsdóttir, 2021).

## 2.2. Síshyggja

Kvár upplifa sértæka gerð af kynjamisrétti, sem einkennist af síshyggju. Það er kynjamisrétti sem er afar ólík kvenfyrirlitningu sem konur upplifa. Síshyggja (e. *cisgenderism*, *cis-sexism*) hefur verið skilgreind sem hugmyndafræði sem ógildir eða þurrkar út eigin skilning einstaklinga af þeirra kyni, kyngervi og líkama (Ansara, 2015). Síshyggja er kerfi hugmynda sem setur trans fólk skör lægra en síð fólk, en hún getur birst hjá einstaklingum, stofnunum og í samfélagsgerðinni sjálfri.

Birtingarmyndir síshyggju má flokka niður í fjóra samofna þætti (Ansara, 2015):

- 1) Sjúkdómsvæðingu (e. *pathologizing*), þar sem kyngervi einstaklinga er gert að sjúkdómi og vanda.
- 2) Rangkyngjun (e. *misgendering*) þar sem fólk talar um og við viðkomandi trans manneskju út frá röngu kyngervi, t.d. nota rangt persónufornafn, eða kalla móður „pabba“ (að óvild háns).
- 3) Jaðarsetningu kyngervis, þar sem fjallað við kyngervi einstaklings sem undarlegt eða „jaðar“ og þar með útilokað kynjaða tjáningu, sögu, reynslu og sjálfsmynd þess einstaklings.
- 4) Notkun hlutgervandi líffræðilegs tals, t.d. þar sem ítrekað er nefnt kyn einstaklingsins sem háni var úthlutað við fæðingu.

Sumir fjalla um síshyggju sem samheiti transfóbíu (e. *Transphobia*) (Hinsegin frá Ö til A, e.d. b), meðan aðrir skilgreina transfóbíu sem fjandskap einstaklinga gegn trans fólki og að síshyggja sé kerfislægara og getur birst á duldari vegu (Ansara, 2015). Síshyggja getur birst í neikvæðum staðalmyndum um kvár og annað trans fólk, til dæmis að það sé veikt á geði eða ófært um að ala upp börn. Í sinni öfgafyllstu mynd birtist síshyggja í ofbeldi og morðum á trans fólki (Hinsegin frá Ö til A, e.d. b). Transfóbía hefur einnig verið skilgreind sem neikvætt viðmót eða ótti gagnvart trans fólki. Hún er oft drifin af þeirri hugmynd eða trú um að trans sé „ekki raunverulega til“ eða að vera trans sé ónáttúrulegt, sem bæði er hrakið af vísindum, sálfræði, félagsfræði og sögu (Gurtler, 2022). Dæmi um hatursfulla og transfóbíska orðræðu hérlendis má

sjá t.d. í skoðanagrein sem var birt í Morgunblaðinu í mars 2022. Í þeirri grein er því ranglega haldið því fram að „þriðja kynið sé ekki til“. Haft er eftir höfundi þessarar greinar: „Löggjafinn hefur skapað sérstakan lúxus-trans-ríkisborgararétt sem felur í sér rétt til að láta skattgreiðendur kosta útlitsbreytandi skurðaðgerðir“ (Íris Erlingsdóttir, 2022). Þessi orð eru afar skaðleg og eru til þess ætluð að etja síð fólki og trans fólki saman.

### 2.3. Birtingarmyndir kynjamisréttis sem kvár verða fyrir

Þó svo að jákvæð vitundavakning og aukið rými séu að skapast hérlendis fyrir kvár, þá er mikilvægt að horfa til öfgra hægri þróunar erlendis og læra af henni. Því miður er hættu á því að transfjandsemi smitist til Íslands og dæmi eru um að það sé nú þegar að eiga sér stað.

#### 2.3.1. Kynjamisrétti í samfélaginu

Sum kvár upplifa stöðuga öráreitni (e. *microaggression*) í þeirra hversdagslífi (Nordmarken, 2014; Barbee og Schrock, 2019), sem getur lýst sér í því að kyn þeirra er afneitað eða sjúkdómsvætt (Lennon og Mistler, 2014; Taylor o.fl., 2019). Kvár verða t.d. fyrir þessu í skemmtanalífinu í Reykjavík. Skýrt dæmi má taka þegar kvári var meinað inngöngu á skemmtistað í Reykjavík árið 2021 af dyraverði. Vitni í málinu segir dyravörðinn hafa rangkynjað kvárið og sagt: „Ég ætla ekki að hleypa þessum gaur í kerlingapels inn á staðinn.“ (Viktor Örn Ásgeirsson, 2021).

Það getur einnig verið hættulegt fyrir kvár að ferðast, vegna uppgangs öfgaafra gegn hinsegin fólki. Dæmi um þetta er mikil anti-trans orðræða í Bretlandi, sem gerir það að hættulegum stað fyrir trans fólk að ferðast til (Nína Richter, 2022).

#### 2.3.2. Kynjuð aðstaða

Sum kvár og annað trans fólk kjósa að nota ekki kynjaða salernis- eða búningsaðstöðu vegna óþæginda eða vegna áreitni sem það á á hættu að verða fyrir eða vegna þess að það samræmist ekki kynvitund þeirra (Auður Magdís Auðardóttir, 2016). Það getur því verið afar erfitt og kvíðavaldandi fyrir kvár að nota kynjaða aðstöðu (Hersir Aron Ólafsson, 2017). Sérklefar í sundi eru mikilvægir þar sem þeir taka betur á móti kvárum, fötluðu fólki, forsjáradilum með börn af öðru kyni sem þarfnast aðstoðar/geta ekki notað kynjaðan klefa og aðra sem geta ekki nýtt sér almenna kynjaða klefa, intersex fólki (og börnum). Í Reykjavík hafa allar sundlaugar sérklefa (6) nema ein sundlaug, þar sem sérklefi var í hönnunarferli árið 2020 (Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar). Mótmæli hafa átt sér stað vegna lágs framboðs

kynhlutlausra klósetta innan veggja Háskóla Íslands og aðgerðarleysi háskólans í þeim málum (Þorvaldur S. Helgason, 2021a).

### 2.3.3. Kynjamisrétti á vinnumarkaði

Óljóst er hvernig staða kvára er á vinnumarkaði hérlendis, með tilliti til starfs, launa eða starfsánægju. Bandalag háskólamanna og Samtökin '78 voru, þegar skýrsla þessi er skrifuð, að rannsaka launamun og mismunun á vinnumarkaði með tilliti til kynvitundar og kynhneigðar (Kristinn Haukur Guðnason, 2022b) og það verður áhugavert að sjá hverjar niðurstöður verða. En erlendar rannsóknir sýna fram á að (sís) kynjavenjur um æskilega hegðun kvenna og karla hamli trans konum og körlum í störfum sínum (Jeanes og Jones, 2021; Yavorsky, 2016).

### 2.3.4. Hatursglæpir og ofbeldi gegn kvár

Kvár eiga í aukinni hættu að verða fyrir hatursglæpum á grundvelli kynvitundar þeirra. Eyrún Eyþórsdóttir kynnti frumniðurstöður úr rannsókn sinni á hatursglæpum og haturstjáningu gegn hinsegin fólki á Íslandi í apríl 2022. Niðurstöður hennar leiddu í ljós að hinsegin fólk sem hefur orðið fyrir hatursglæp hérlendis upplifðu skerta öryggiskennd, félagslega einangrun, varkárni í samskiptum við aðra og breyttu sinni hegðun til þess að aðlaga sig aðstæðum. Eitt kvár lýsir því t.d. að hán hafi orðið hrætt og kvíðið að fara út úr húsí í kjölfar hatursglæpsins sem hán varð fyrir (Eyrún Eyþórsdóttir, 2022). Þrátt fyrir þetta er vernd hinsegin fólks gegn hatursglæpum ekki tryggð í íslenskum lögum (Nina Richter, 2022).

Erlendis er þróunin óhugguleg, en árið 2021 höfðu aldrei jafnmargt trans og kynsegin fólk í Bandaríkjunum fallið fyrir morðingja hendi. Þessir hatursglæpir eru taldir vera bakslag við aukinni réttindabaráttu og sýnileika trans fólks. Samhliða því hafa einnig undanfarin ár verið samþykktar fjölmargar löggjafir sem draga úr réttindum trans fólks í Bandaríkjunum (Markús Þórhallsson, 2021).

### 2.3.5. Bælingarmeðferðir trans fólks

Erlendis hefur bakslag í réttindabaráttu hinsegin fólks síðustu u.þ.b. fimm ár leitt til aukningu í notkun bælingarmeðferða (e. *conversion therapy*) og bælingarathafna (e. *conversion practices*) gegn hinsegin fólki (Gurtler, 2022). Bælingarmeðferðir hinsegin fólks geta verið „formlegar“ einstaklings samtalsmeðferðir, eða óformlegri meðferðir eins og bænir eða annarskonar meðferð hjá presti. Samkvæmt enskri könnun sem gerð var árið 2018 voru 13% trans einstaklinga og 7%

sís hinsegin einstaklinga sem höfðu annaðhvort undirgengst bælingarmeðferð eða verið boðið slíka meðferð (Government Equalities Office UK, 2018). Trans fólk er algengara til að vera sent í bælingarmeðferð almennt en síð fólk og einnig er líklegra að það sé sent frá heilbrigðisstarfsfólki sem metur aðilann „ekki hæfilega trans“ til aðgengis að kynleiðréttandi aðgerða (Gurtler, 2022).

Bælingarathafnir (e. *conversion practices*) hinsvegar, er þegar einstaklingur er hvattur til að bæla niður eigin kynvitund eða „koma fram sem“ síðkynja. Þessi aðferðafræði bælingarmeðferðar birtist í heilbrigðiskerfinu þegar einstaklingi er gert flókið að nálgast trans tengda heilbrigðisþjónustu eða jafnvel meinað aðgengi að henni. Áhrif þessa og áhættuþættir á að verða útsett fyrir slíku er ólík fyrir trans fólk en síð hinsegin fólki (t.d. samkynhneigðra). Trans fólk er líklegra til að verða fyrir bælingarathöfnum og meðferðum á yngra aldri en síð fólk, sem leiðir til verri andlegri afleiðingar, þ.á.m. áfallastreituröskun og sjálfsvígshættu (Gurtler, 2022). Bandarísk könnun sýndi fram á að 14% trans einstaklinga hafa upplifað tilraunir annara til að bæla niður eða breyta þeirra kynvitund (Turban o.fl., 2020).

### 2.3.6. Kynjamisrétti gegn stálpum

Ung hinsegin, þ.á.m. kynsegin, stelpur, strákar og stálp eru að verða fyrir auknu hatri og aðkasti frá öðrum ungmennum. Dæmi er um það að gelt eða hrópað sé á hinsegin krakka með því markmiði að reyna að afmennska þau. Einnig er dæmi um það að það sé verið að segja við ungmennin að þau séu ekki mennsk, kalla þau „emo“ í niðrandi skyni, kasta einhverju í þau eða jafnvel í verstu tilvikum eru þau hvött til þess að taka eigið líf. Þetta má rekja að einhverju leiti til samfélagsmiðilsins TikTok (Sólveig Klara Ragnarsdóttir, 2022).

## 2.4. Réttindabaráttu trans fólks hérlendis

Trans fólk hefur alltaf verið hluti af samfélagi hinsegin fólks á Íslandi, en árið 2007 fengu þau formlegan sess í réttindabaráttu hérlendis þegar Trans Ísland var stofnað (Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, 2020). Trans Ísland eru hagsmuna- og baráttu samtök trans fólks á Íslandi sem hefur frá stofnun beitt sér fyrir bættum réttindum trans fólks, ásamt því að standa vörð um málefni trans fólks í samfélaginu. Félagið hefur átt þátt í að skapa ýmsar lagabreytingar sem varða málefni trans fólks, þar á meðal lögum um kynrænt sjálfræði (nr. 80, 2019), breytingar á hegningarlögum og öðrum lögum. Félagið heldur einnig upp á ýmsa hátíðardaga og sinnir fræðslustarfsemi (Samtökin '78, 2021b).



## 2.5. Núverandi þjónusta á Íslandi fyrir kvár

Síðan lög um kynrænt sjálfræði (nr. 80, 2019) voru samþykkt var einstaklingi gert kleift að breyta nafni sínu og kyni í Þjóðskrá án þess að fá staðfestingu heilbrigðisyfirvalda á kyni sínu (Trans Ísland, e.d.). Að breyta nafni og/eða kyni í Þjóðskrá kostar 9.000kr. (Þjóðskrá, 2021), meðan almenn afgreiðsla á nýju vegabréfi kostar 13.000kr. og 26.000kr fyrir hraðafgreiðslu (Þjóðskrá, e.d.).

Sérstakt teymi, sem kallast Trans teymið innan Landsspítalans heldur utan um þá heilbrigðisþjónustu sem er í boði fyrir trans fólk, þ.á.m. trans konur, trans karla og kvár, og starfar náið með því trans fólki sem leitar þangað (Trans Ísland, e.d.). Transteymi fullorðinna sinnir greiningu og meðferð einstaklinga með kynama (gender dysphoria) og náð hafa 18 ára aldri (Landspítali, e.d.a). Ef einstaklingur undir 18 ára aldri upplifir vanlíðan tengdu upplifuðu misræmi í sinni kynvitund getur hann leitað til Transteymi BUGL, sem sinnir greiningu og meðferð þeirra einstaklinga (Landspítali, e.d.b)

Til að hefja formlegt ferli hjá Trans teyminu þarf aðeins að bóka tíma hjá fagaðilum teymisins. Hjá teyminu er hægt að fá aðgengi að hormónum, aðgerðum og öðru tengdu kynleiðréttingarferli einstaklinga. Þar á meðal eru kynfæraaðgerðir fyrir trans konur og kvensegin fólk annarsvegar vaginoplasty og hinsvegar orchietomy (fjarlæging eistna) í boði. Fyrir trans karla eða karlsegin fólk eru í boði metoidoplasty og phalloplasty aðgerðir. Einnig eru í boði toppaðgerðir fyrir trans karla og karlsegin fólk. Allar aðgerðir og meðferðir sem eru í boði eru borgaðar af sjúkratryggingum. Einnig er hægt að vera í beinu sambandi við skurðlækna hérlendis sem gera slíkar aðgerðir, en einstaklingar þurfa alla jafna að standa straum af kostnaði ef farið er í gegnum einkastofur (Trans Ísland, e.d.).

Aftur á móti hefur málaflokkur heilbrigðisþjónusta fyrir trans fólk verið vanræktur innan heilbrigðiskerfisins. Langur biðtími er eftir kynleiðréttingaraðgerð og vísbendingar eru um að upplýsingagjöf um þjónustu fyrir trans fólk sé ábótavant. Kynleiðrétandi aðgerðir eru nauðsynlegar mörgu trans fólki og getur skipt sköpum fyrir andlega og líkamlega heilsu. Þessi hópur er undir meiri áhættu fyrir sjálfskaða og sjálfsvígi en aðrir hópar (Þorvaldur S. Helgason, 2022b).

Í heilbrigðiskerfinu er trans skilgreint sem geðsjúkdómurinn „Kynáttunarvandi“, en það hugtak er almennt ekki notað af trans fólki þar sem þau upplifa ekki að kyngervi þeirra sé sjúkdómur (Hinsegin frá Ö til A, e.d. c). Trans fólk hefur í gegnum tíðina þurft að fá greiningu Kynáttunarvanda til að fá aðgengi kynleiðréttandi heilbrigðisþjónustu, en margt trans fólk ósátt við það og því hvernig greiningarferlinu er háttað (Snærós Sindradóttir, 2018). Til þess að kvár komist í hormónameðferð eða kynleiðréttingaraðgerð í dag þurfa þau að upplifa kynama (e. *gender dysphoria*) sem er vanlíðan með kynið sem manneskju var úthlutað við fæðingu, persónu, kyneinkenni, líkama. Meðferðin getur því verið afar mikilvæg einstaklingsins til þess að losna við kynama (Snærós Sindradóttir, 2018).

Kynsegin aðgerðarsinninn Mars segir það algengan misskilning að fólk verði að fara í kynleiðréttingarferli til að geta verið hluti af transsamfélaginu en hán segir þó svo alls ekki vera. Mars bendir á maður sé auðvitað alltaf sú manneskja sem maður er óháð því hvernig viðkomandi líti út því útlit breyti aldrei innri upplifun manneskjunnar. Kynleiðréttingarferli er því eitthvað sem sé mjög persónubundið og alltaf val hvers og eins (Stefán Árni Pálsson, 2022).

### 3. Jafnrétti allra kynja

Umræða um kynjajafnrétti hefur hingað til verið skilyrt við konur og karla, en önnur kyn ekki nefnd. Rannsókn þessi leitast við að útvíkka umræðuna um kynjajafnrétti þar sem inngilding (e. *inclusion*) kvára inn í umræðuna er afar mikilvæg. Samhengi allra kynja og kynjajafnréttis verður skoðað í þessum kafla.

#### 3.1. Kynjakerfið, kynjatvíhyggja og trans fólk

Kynjakerfið sem stundum er kallað feðraveldið (e. *patriarchy*) er pólitískt og félagslegt kerfi eða stigveldi sem byggir á kynjatvíhyggjunni karl-kona. Samkvæmt kynjakerfinu eru karlar „í eðli sínu“ ráðandi og æðri konum, sem eru taldar vera veikara kynið (hooks, 2004). Með öðrum orðum er kynjakerfið félagslega mótað (e. *socially constructed*) kerfi þar sem konur og kvenleiki eru undirskipaðir og aðskildar körlum og karlmennsku. Kerfið byggir ekki á líffræði einstaklinga og er ekki þannig að hver einstakur karlmaður sé ráðandi yfir hverri einstakri konu (Walby, 1990). Hins vegar skapar feðraveldið hið óréttláta samfélagsmynstur kynjamisréttis, þar sem konum er kennt að hlutverk þeirra í lífinu sé að þjóna, vera veikburða, ekki hugsa og sjá um og hlúa að öðrum. Samtímis er körlum kennt að hlutverk þeirra sé að vera þjónað, vera sterkir, að beita rökhusun og tjá ekki tilfinningar (hooks, 2004). Kvár passa ekki inn í kynjatvíhyggju kynjakerfisins, sem leiðir til þess að upplifun þeirra af kynjamisrétti og stöðu þeirra innan kynjakerfisins er vanmetið viðfangsefni (Schilt og Lagos, 2017). Jafnvel í meirihluta fræða um trans einstaklinga er fjallað um trans konur og karla sem falla inn í kynjatvíhyggju (Moradi o.fl., 2016).

#### 3.2. Undirstöður fyrir jafnrétti kvára héraendis

Í nýjustu jafnréttislögum sem tóku í gildi 2020 er tekið fram að með orðinu „kyn“ sé átt við konur, karla og fólk með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá (sem fjallað er um almennt sem kvár í þessarri skýrslu) (lög nr. 150, 2020, gr. 1, mgr. 1). Opinberar stofnanir bera lagalega skyldu til þess að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við alla stefnumótun og áætlanagerð. Með samþættingu er átt við að þegar stefnumótunarferli er skipulagt, bætt, þróað og lagt á það mat, þá skal sjónarhorn kynjajafnréttis vera fléttað í inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150, 2020, 2. gr,

1.mgr.). Félagsleg staða kvára í samfélaginu þarf þ.a.l. að vera tekin til greina við stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Því er þessi rannsókn mikilvæg til að varpa ljósi á stöðuna.

Árið 2019 voru lög um kynrætt sjálfræði (nr. 80, 2019) samþykkt, sem styrkja undir stöðu trans fólks og þar á meðal kvára í íslensku samfélagi. Í lögnum er kveðið á um að sérhver einstaklingur nýtur óskoraðs réttar til að skilgreina eigið kyn (lög nr. 80/2019, 1.gr, 1.mgr.) og þar með viðurkenna þau kvár í lögum. Með lögnum var einnig kynhlutlaus skráning í þjóðskrá heimiluð á einfaldan hátt (lög nr. 80, 2019, gr. 4, mgr. 1). Í öðrum lögum hafa kvár einnig verið viðurkennd, t.d. í lögum um jafna meðferð á vinnustöðum (nr. 86, 2018) þar sem kynvitund er nú tekin fram. Áhugavert væri að greina lagaumhverfi, reglugerðir og aðgerðaáætlanir stjórnvalda til að styðja betur við trans fólk, en það er fyrir utan ramma þessa verkefnis.

### 3.3. Útilokun kvára úr tölfræði

Eins og fram kemur í jafnréttislögum er mikilvægt að greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni til þess að ná því markmiði laganna að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins (Lög nr. 150, 2020, mgr. 1., gr. 1.). Því er afar mikilvægt við söfnun kyngreindra gagna að kvár séu tekin með og séu greind sér, en ekki greind með konum og körlum, eða öðru hvoru.

Í könnun sem ASÍ og BSRB létu framkvæma um stöðu launafólks á Íslandi voru fjórir svarendur kynsegin eða völdu svarmöguleikann „annað“ kyn ( $N=8.768$ ). Við vigtun gagna var ákveðið að flokka kynsegin fólk með konum. „Þetta var gert á forsendum kynjakerfisins þar sem bæði konur og kynsegin fólk er samfélagslega undirskipað körlum en best væri ef hægt væri að vigta gögnin í samræmi við raunverulega kynupplifun“ (Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir, 2022). Þetta er betri leið en að raða svörum kvára með slembivali milli karla og kvenna, en þó væri best að greina kvár sér. Vissulega eru kvár einnig undirskipuð körlum, en það misrétti er afar ólíkt því sem konur upplifa.

Aðrar kannanir hafa greint kvár sér, sem er til fyrirmyndar. Taka má könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem kannaði áhrif lesblindu á frammistöðu barna í námi, þar sem 1% ( $N=141$  af 10.895) svarenda voru kvár og voru þau greind sér (Aðalheiður Ásmundardóttir, 2022).

Caroline Criado Perez (2019) bendir á í bók sinni að tölfræði hennar hallar á konur með þeim afleiðingum að hagnýting tölfræðiupplýsinga innan stefnum stjórnsvalda, tækni, hönnunar á vörum, vinnustaði og fjölmiðlum skapar heim sem hentar ekki þörfum kvenna. Þetta er vegna þess að söfnun gagna er í mun meira gerð með þátttöku karla og þeirra lífsupplifanir teknar sem algildar, þegar ákvarðanir teknar á þeim gögnum henta ekki konum (Perez, 2019). Söfnun gagna um kvár er enn meira ábótavant, með þeim afleiðingum að lífupplifanir þeirra eru þurrkaðar út sem gerir það ómögulegt að vinna að jafnrétti fyrir kvár. Allsherjar söfnun á upplifunum kvára á öllum sviðum lífsins er brýnt verkefni. Einnig er vert að taka fram að mikilvægt sé í tölfræðigögnum sem slíkum, að hafa aðgreinda flokka fyrir sís karla og trans karla og sís konur og trans konur, vegna þess að upplifun þeirra í samfélaginu, ákvarðanir, og félagsleg staða er önnur.

### 3.4. Skýrslur um kynjajafnrétti

Samkvæmt Alþjóða efnahagsráðuneytinu hefur Ísland verið mælt með minnsta svokallaða „kynjabilið“ í heimi eða mesta kynjajafnréttið í 12 ár í röð (World Economic Forum, 2021). Íslensk stjórnvöld eru stolt af þessari niðurstöðu, en hins vegar hefur mælitækið hefur verið gagnrýnt fyrir efnistöð sín, sem taka t.d. ekki kynbundið ofbeldi inn í mælingu sína og því vert er að velta fyrir sér réttmæti þess (Þorgerður Einarsdóttir, 2020). Einnig tekur mælingin ekki til greina önnur kyn en konur og karla. Óraunhæft er því að nota slíkt mælitæki til þess að fjalla um stöðu kynjajafnréttis á Íslandi.

Stjórnarráð Íslands (2022, 2021) tekur saman mikilvæga skýrslu um kynjamynstur ár hvert þar sem sjá má hvar hallar á konur á ýmsum sviðum samfélagsins, en skýrslan hefur hingað til ekki minnst á kvár, né annað trans fólk. Hún fjallar um kynjasjónarmið og mynstur kvenna og karla í m.a. utanríkismálum, nýsköpun, landbúnaði, öryggi, réttindum, samgöngum, atvinnuvegi, menningu, menntun, heilbrigðisþjónustu og velferðarmálum. Dæmi um kynjamynstur á sviði menntunar er hve ólíkt námsval sé milli kvenna og karla sérstaklega á framhaldsskólastigi. Þetta er mikil áskorun þar sem þetta viðheldur því að sumar starfsgreinar eru nær hreinar kvennastéttir og aðrar karlastéttir (Stjórnarráð Íslands, 2022). En sækja kvár menntun til móts við sís fólk? Er námsval kvára kynjað? Er námsvalið einsleitt eða fjölbreytt? Þetta eru svör sem ekki fást nema með því að tekið sé tillit til kvára í tölfræðigögnum.

Annað dæmi úr skýrslu Stjórnarráðsins (2022) má taka um kynjasjónarmið í samgöngum, þar sem ferðavenjur kvenna og karla eru ólíkar með tilliti til ferðamáta, vegalengdar, tilgang og tíðni ferða, en ekkert er fjallað um ferðavenjur kvára. Fyrri rannsókn höfundar á kynjun í ferðavenjum höfuðborgarbúa og notkun snjalllausna í ferðamátum, tekur undir þessi ólíku ferðavenjur kvenna og karla, en rannsóknin gaf einnig vísbendingar um að ferðavenjur kvára séu ólíkar ferðavenjum karla og kvenna (Birta Ósk Tómasdóttir, 2021), sem styður við þörfina um að kvár skuli að vera tekin til greina í tölfræði og greiningar á kynjasjónarmiðum.

Þriðja dæmið má taka í kafla um sérhæfða sjúkráhusþjónustu þar sem fram kemur að helstu kynjasjónarmið þess málaflokks sé að konur eyða meiri tíma en karlar í ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf, sem hefur mikil áhrif á lífsgæði kvenna. Konur lifa að meðaltali lengur en karlar, en þær lifa hins vegar að jafnaði færri ár við góða heilsu en karlar (Stjórnarráð Íslands, 2022). Ekkert er vitað um stöðu kvára innan heimilisins og hvernig það hefur áhrif á lífsgæði þeirra og lífsár. Í málaflokki hefði einnig verið hægt að fjalla um heilbrigðisþjónustu kvára, trans-kvenna og karla sem fjallað var um í kafla 2.6.

Kvár eru ekki tekin með í greiningu á mikilvægum kynjasjónarmiðum, jafnvel þegar gögn liggja fyrir að það halli á kvár á ákveðnum sviðum. Vandinn virðist liggja í hugsunarleysi eða áhugaleysi á málefni hópsins.

### **3.5. Barátta fyrir jafnrétti kynjanna**

Femínistar hafa í aldanna rás barist fyrir jafnri stöðu kvenna og karla. Seinustu áratugi hefur verið ólga í femínískri baráttu um hvort trans konur og kvár eigi aðild að baráttunni, sérstaklega erlendis. Sumir femínistar vilja útiloka trans konur og kvár úr baráttunni og telja þær ógna þeirra málstað eða jafnvel ógni þeirra öryggi persónulega. Sumar hverjar sýna afar transfóbísk og hatursfull viðhorf og líkja trans fólki við ofbeldisfólk í búningi sem vilji síis konum illt (Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, 2020). En líkt og Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir (2020) tekur fram þá tengist trans réttindabarátta femínískri baráttu um að brjótast undan gildum kynjakerfisins sem hamla öllu fólki, síis og trans. Misrétti sem kvár og annað trans fólk upplifir á grundvelli kyns síns er kynjamisrétti.

## 4. Aðferðafræði rannsóknar

Í þessum kafla verður aðferðafræði rannsóknarinnar lýst. Hann hefst á því að lýsa eigindlegum aðferðum og aðferðafræði rannsóknar sem var viðtalsaðferð og þemagreining. Næst verður framkvæmd rannsóknar rakin ítarlega. Kaflinn lýkur á umfjöllun um siðferðileg álitamál og stöðu rannsakandans í rannsókninni.

### 4.1. Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Fyrirbærafræði (e. *phenomenology*) er fræðilegt sjónarhorn sem oft er notað í eigindlegum rannsóknum sem leitast við að skilja félagsleg fyrirbæri frá sjónarhorni þátttakandans. Það kannar hvernig þátttakandinn sér, skilur og upplifir tiltekið fyrirbæri (Taylor o.fl., 2015). Í þessari rannsókn er það fyrirbæri kynjamisrétti og kynjuð upplifun í samfélaginu. Jafnframt leitast eigindlegar rannsóknaraðferðir við að varpa ljósi á reynslu og hvaða merkingu fólk setur í fyrirbæri í samhengi við félagslegan veruleika sinn (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Í einföldu máli eru eigindlegar og meginlegar aðferðir ólíkar að því leyti að í þeirri fyrrnefndu eru *orð* notuð sem gögn og þeirri síðarnefndu eru *tölur* notaðar sem gögn (Braun og Clarke, 2013). Eigindleg nálgun er valin umfram meginlega, vegna þess að ekki eru til nægjanleg tölfræði né upplýsingar um kvár til að geta t.d. búið til spurningakönnun. Eigindlegar rannsóknir hafa það umfram meginlegar að geta aflað upplýsinga um samhengi í lífi fólks, t.d. félagsleg skilyrði, stofnanaleg, menningarleg og aðstæður háðar umhverfi (Yin, 2015). Eigindleg nálgun er nauðsynleg fyrir þessa rannsókn þar sem hún miðar að því að búa til rík gögn og ítarlegan skilning á efninu, sem lítið er áður vitað um. Markmiðið er ekki að alhæfa um hópinn eins og meginlegar aðferðir leitast oft við að gera. Frekari rannsóknir geta þó stuðst við niðurstöður þessarar rannsóknar til að ná fram mælanlegum og ef til vill alhæfanlegum niðurstöðum (Waller o.fl., 2016).

### 4.2. Þemagreining og viðtalsaðferð

Þemagreining (e. *thematic analysis*) var notuð til að greina viðtölin. Þemagreining var einnig grundvöllur allra ákvarðanna sem teknar voru í ferli rannsóknarinnar. Í þemagreiningu eru textar greindir ítarlega, í þessu tilfalli viðtalstextar, til að bera kennsl á algeng þemu, mynstur eða hugmyndir sem upp koma ítrekað í textunum (Braun og Clarke, 2013).

Við gagnasöfnun rannsókna voru hálfstöðluð viðtöl (e. *semi-structured interviews*) notuð til þess að ná djúpum skilning á persónulegri reynslu kvára. Þetta er besta aðferð til þess að nálgast þessi gögn (Taylor o.fl., 2015). Styrkur viðtala er að aðferðin þarf minna úrtak til að ná fram fullnægjandi og innihaldsríkum gögnum. Viðtöl eru einnig gagnleg til þess að rannsaka viðkvæm málefni og reynslu viðkvæmra hópa (Braun og Clark, 2013). Kynjamisrétti er viðkvæmt og getur verið ómögulegt að fræðast um það án beinna persónulegra viðtala við fólkið sem upplifir það af eigin raun. Frá sjónarhóli mannréttinda er brýnt að þekkingunni sé ekki aðeins haldið innan lítilla samfélaga og að þessar viðkvæmu upplýsingar séu kannaðar. Eigindleg viðtöl eru frábær aðferð til að rannsaka og lýsa slíkum illfánlegum upplýsingum fyrir almenningi, því þær gefa rödd til jaðarsettra (Braun og Clark, 2013). Takmarkanir viðtala eru þær að þau geta verið tímaflek bæði fyrir rannsakanda og þátttakanda og þau geta skort breidd vegna smærri úrtaks miðað við meginlegar rannsóknir (Braun og Clark, 2013). Aðrir gallar eru þeir að viðmælendur geta misskilið orð þátttakanda, gefið sér rangar forsendur eða verið ófær um að orða mikilvæga hluti (Taylor o.fl., 2015).

### 4.3. Þátttakendur

Þátttakendur rannsókna voru fjögur kvár. Fjöldi var valinn vegna stærðar rannsóknarverkefnis og var talið hæfilegt til að samræmast markmiðum rannsókna. Þátttakendur gengust undir einu eða fleiri af eftirfarandi fornöfnum: hán, hín, þau, hann og/eða hún og notuðu ýmist hvorugkyns, kvenkyns og/eða karlkyns beygingar lýsingarorða. Þrír þátttakanda notuðu orðið kvár um kyn sitt en einn þeirra taldi kvár ekki eiga við sig og notaði annað orð. Í þessari rannsókn verður skilgreining orðsins kvár þó nýtt sem regnhlífarhugtak yfir allt fullorðið fólk sem er kynsegin, þ.a.l. alla þátttakendur. Tvö þátttakendana höfðu þegar farið í kynleiðrétandi ferli eða voru í miðju ferli hjá Trans teyminu en hin tvö tjáðu að þau vildu hefja ferlið í framtíðinni. Þátttakendur voru misopin með kyn sitt, öll voru opin fyrir fjölskyldu og vinum, en eitt var ekki opið opinberlega, s.s. fyrir ókunnugu fólki og fjarskyldum ættingjum. Eitt þátttakenda var með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá en hin voru með aðra skráningu kyns í þjóðskrá.

Þátttakendur voru á aldrinum 18–30 ára. Eitt þátttakandi var af erlendum uppruna, þrjú af íslenskum uppruna, en allir þátttakenda höfðu búið á Íslandi stóran hluta ævi þeirra. Ekkert þátttakenda skilgreindi sig sem fatlaðan. Þátttakendur voru ýmist namar, á vinnumarkaði eða án



atvinnu. Bakgrunnsbreytur þátttakenda eru ekki greindar niður eftir þátttakanda til þess að koma í veg fyrir að rekja megi svör til viðmælenda.

#### 4.4. Framkvæmd

Í þessum undirkafla verður framkvæmd rannsóknar rakin eftir tímalínu og forsendur ákvarðana í ferli settar fram.

##### 4.4.1. Að nálgast þátttakendur

Auglýst var eftir þátttakendum í gegnum lokaðan hóp á Facebook fyrir hinsegin fólk og hjá Trans Ísland, stuðnings- og málsvarafélagi trans- og kynsegin fólks á Íslandi í júní 2022. Þátttakendur nálguðust rannsakanda af þeim vettvangi. Forsendur fyrir þátttöku voru að þátttakandi:

1. Skilgreindi sig sem kvár og væri a.m.k. opinn með það á sumum sviðum samfélagsins.
2. Væri 18 ára eða eldri. Aldurstakmark var sett til þess að a) tryggja fullnægjandi lífsreynslu og b) tryggja fullnægjandi fylgd eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (lög nr. 80, 2018, 1. mgr. 6. gr.).
3. Hefði annaðhvort íslenskan ríkisborgararétt eða hafði búið á Íslandi í a.m.k. 5 ár. Þetta var valið vegna markmiða rannsóknar sem snúast að því að kanna íslenskar aðstæður.

Reynt var að velja þátttakendur af fjölbreyttri félagslegri stöðu þegar kom að aldri, menntun, atvinnu, uppruna og/eða fötlun. Þetta var gert til þess að athuga hvernig ólíkar mismunabreytur höfðu áhrif á kynjun einstaklinganna í samfélaginu og þar með kanna áhrif margþættrar mismununar (sjá t.d. Reykjavíkurborg, 2018).

##### 4.4.2. Framkvæmd viðtala

Í júlí 2022 voru framkvæmd fjögur viðtöl hvert í sínu lagi. Viðtölin tóku 40–65 mín. Tvö þeirra áttu sér stað í rólegu fundarherbergi og hin tvö voru framkvæmd í gegnum fjarfundarbúnaðinn *Zoom*. Í hverju og einu viðtali voru rannsakandi og viðmælandi ein og í næði, án utanaðkomandi truflanna. Rannsakandi hóf viðtal á því að kynna fyrir viðmælenda markmið rannsóknar og trúnaðaryfirlýsingu. Rannsakandi studdist við viðtalsramma (sjá Viðauka 1) en fylgdi hvorki röð spurningana né orðalagi spurninga strangt eftir og bætti við spurningum þegar við átti. Rannsakandi var sveigjanlegur í viðtali og gaf þátttakendum tækifæri til þess að tjá sig um það

sem þeim þótti mikilvægt og deila sínum sögu og eigin túlkunum á þeim. Opnar spurningar voru notaðar til að hvetja þátttakendur til að gefa ítarleg svör (Braun og Clark, 2013).

#### 4.4.3. Gagnaúrvinnsla

Rannsakandi afritaði viðtöl orðrétt með forritinu *Express Scribe Transcription Software*. Afrit viðtala voru samtals 56 blaðsíður. Rannsakandi las yfir afrit af viðtölum ítrekað og greindi meginþemu og undirþemu í gögnunum handvirkt, þ.e.a.s. ekki í forriti.

Þar sem að kvár eru fá á Íslandi voru eftirfarandi aðgerðir, til þess að tryggja persónuvernd, framkvæmdar við úrvinnslu afrita og framsetningu niðurstaða:

1. Þátttakendur fengu gervinöfnin: Regn, Elís, Frost og Blær.
2. Í þeim tilfellum þar sem einstaklingur talaði um sig í kvenkyni eða karlkyni var beyging lýsingarorða breytt í hvorugkyn.
3. Önnur persónufornöfn en hán, voru breytt í hán.
4. Rekjanlegar upplýsingar um staðsetningu, atvinnu, nám og fjölskylduhagi voru teknar út.
5. Í sumum tilfellum voru enskuslettur þýddar yfir á íslensku eða aukaorð fjarlægð („og eitthvað“, „þú veist“ o.s.frv.) sem höfðu ekki áhrif á meiningu viðmælanda.

Nánar er fjallað um siðferðisleg álitamál í næsta undirkafla.

#### 4.5. Siðferðisleg álitamál

Rannsakandi hafði samband við og fékk ráðleggingar hjá *Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir og Persónuvernd*. Siðareglur Háskóla Íslands (2019) voru hafðar til hliðsjónar í öllu ferli rannsóknar, sem og leiðbeiningar Persónuverndar um samþykki (Persónuvernd, 2018). Rannsakandi gekk úr skugga um að skaða ekki þátttakendur sína á neinn hátt og að þeim liði ekki verr eftir viðtal en fyrir það (Waller o.fl., 2016).

Þátttakendur voru upplýstir um tilgang, lengd rannsóknar og hvernig gögn þeirra voru notuð (Persónuvernd, 2018). Einnig var þeim gert ljóst að full nafnleynd og trúnaður ríkti í öllu ferli rannsóknar. Þátttakandi fékk blað til undirritunar um samþykki á þátttöku í rannsókn, þar sem var m.a. gerð grein fyrir markmiði rannsóknar og meðferð gagna. Þátttakendum var einnig sagt að hán mætti hætta þátttöku eða afturkalla samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinganna hvenær

sem er í ferlinu. Einnig voru þátttakendur upplýst um að þau mættu takmarka svörum spurninga, eins og þeim sýndist, án þess að neinar neikvæðar afleiðingar myndu fylgja (Persónuvernd, 2018; Braun og Clark, 2013). Enn fremur var þátttakendum gefið netfang rannsakanda og gefið leyfi til að hafa samband við hann ef og þegar spurningar eða vangaveltur kviknuðu.

Allar persónurekjanlegar upplýsingar voru fjarlægðar við afritun viðtala og frekari úrvinnslu þeirra (Taylor o.fl., 2015). Hljóðupptaka og afrit af henni var eingöngu heyrð og séð af rannsakanda og þessum gögnum var eytt að rannsóknartímabili loknu.

#### 4.6. Rannsakandi

Rannsakandi fylgir þeirri mikilvægri skilgreiningu femínísku fræðikonunnar Donnu Haraway (1988) á staðbundinni þekkingu (e. *situated knowlegde*). Donna telur að vísindaleg þekking er alltaf staðbundin eða „hlutdræg“. Vísindaleg þekking getur aldrei orðið fullkomlega „hlutlæg“ og það getur skaðað rannsóknarniðurstöður ef fræðafólk telur að sú sé raunin. Það bætir rannsóknir að rannsakandi sé var um eigin samfélagsstöðu og mögulega fordóma (e. *bias*) sem fylgja henni. Þar að auki getur það ýtt undir „betri“ hlutlægni í vísindum og auknu réttmæti í rannsókn.

Rannsakandi var meðvitaður um eigin forrættindi. Rannsakandi hefur síð forrættindi að því leyti að hann sé kvár sem er oft „lesið“ sem síð kona af öðru fólki í samfélaginu. Rannsakandi hefur einnig forrættindi í því að vera hvítur Íslendingur, með íslenskan ríkisborgararétt, vera ófatlaður, tilheyra efri-millistétt, og vera menntaður. Rannsakandi rannsakar hóp eða lítið samfélag sem hann sjálfur tilheyrir, samfélag kvára. Þetta getur haft í för með sér kosti og galla en í þessari rannsókn er álitnið að kostirnir vegi sterkara á móti. Kynvitund rannsakanda er mikilvægur og jákvæður þáttur að því leyti að það getur aukið rannsakanda-þátttakenda traust og samband (e. *rapport*). Viðmælendur gætu verið opnari til að deila erfiðum upplifunum með rannsakanda þegar þeir telja að hann geti skilið þær betur (Dwyer og Buckle, 2009). Rannsakandi hefur enga aðra hagsmuni að gæta nema að styrkja undir félagslega stöðu kvára í íslensku samfélagi.

## 5. Niðurstöður

Í þessum kafla eru niðurstöður rannsóknar kynntar. Meginþemu sem komu úr rannsóknargögnum voru eftirfarandi: 1) Ósýnileiki kvára, sem birtist í því að samfélagið gerir ekki ráð fyrir þeim og 2) Ábyrgð sem sett er á kvár til að skapa eigið pláss í samfélaginu. Þessi tvö meginþemu hafa áhrif á hvort annað og þau hafa bæði sterk áhrif á undirþemað „Kerfislægar hindranir“ sem lýsir þeim kerfislægu hindrunum sem kvár eru að upplifa. Fjallað verður um kerfislægar hindranir á fjórum sviðum kerfisins; innan stjórnsýslu, heilbrigðiskerfisins, skólakerfisins og vinnumarkaðarins.

### 5.1. Ósýnileiki

Rannsóknir sýna að samfélagið geri ekki ráð fyrir kvárum. Þar að auki gerir umhverfið, ókunnugt fólk, stjórnsýslan (t.d. heilbrigðiskerfið, vinnustaðir, og skólakerfið) og tungumálið allt saman ekki ráð fyrir kvárum. Blær lýsti: „*Mér finnst í rauninni mesta misréttið [sem hán upplifir] vera að það er aldrei gert ráð fyrir manni. Málið er að það er ekki mikið af beinu ofbeldi eða áreiti af því að þessi hópur er ósýnilegur. Mér finnst það vera vandamálið. Að það er gert ráð fyrir að kynsegin fólk sé ekki til. Eins og í opinberri tölfræði [líkt og kom fram] í nýlegum fréttum. Það er náttúrulega ofbeldi. Öðruvísi birtingarmynd.*“

#### Menningin gerir ekki ráð fyrir kvárum

Elís lýsti útilokun kvára úr íslenskri menningu: „*Það er ekki gert ráð fyrir kynsegin fólki neins staðar. Maður sér þetta alltaf í textum, það er alltaf talað um „bæði kyn“ og „karla og konur“.* Aðgengi að íþróttamannvirkjum og sundlaugum víðsvegar er bara ekkert. Ég á að geta farið í sund alls staðar í Reykjavík, en fyrir utan Reykjavík er það bara ákveðnar laugar og þá er það bara heppni. Það er stór hluti af svoleiðis aðstöðu sem er mikill hluti af íslenskri menningu sem er bara lokaður.“

Blær lýsir því að kynjaflokkar (kona-karl-kvár) geta verið hjálpleg en „*stundum líka eru þeir hamlandi af því að fólk vill alltaf setja mann í box út frá því hvernig maður hagar sér. Það er óþolandi.*“ Þar af leiðandi túlkar fólk manneskju út frá því hvort hún tjáir eða hegðar sér á hefðbundinn kvenlegan eða karlægan hátt, en það gengur ekki upp fyrir kvár.

Vegna þess að sýnileiki kvára er lítill í samfélaginu getur verið erfitt fyrir kvár að reikna út fyrirfram hvernig viðbrögð annarra munu vera þegar kvár segist vera kvár. Regn lýsir: „*Maður*

veit aldrei hvernig að manneskjan mun taka þessu. Þannig það getur alveg verið þínu erfitt að koma út fyrir öllum. **Ég þarf alltaf að koma út fyrir öllum.** Hán er aldrei það fyrsta sem að fólk segir við mig. Ég þarf alltaf bara „reyndar er ég kynsegin“.“

### Ósýnileiki kvára viðheldur sér þegar þau fá ekki rými til að vera þau sjálf

Þegar kvár treysta sér ekki til að vera opin um kyn sitt þá viðhelst ósýnileiki þeirra í samfélaginu. Blær lýsti: „En það er líka erfitt að vera opið með það [kyn háns]. Eins og í vinnunni, þar er haldið upp á bóndadaginn og konudaginn og ég sagði bara ég ætla ekki að vera með í þessu. Ég er hvorugt. Alltaf þegar maður þarf að fara í búningaklefa spyr ég hvort að það sé einhver kynlaus klefi, en náttúrulega **yfirleitt gerir fólk ráð fyrir því að ég sé annað hvort.**“

Frost lýsti togstreitunni við það að upplifa létti við það að vera í sumum kringumstæðum ekki opið með kyn sitt og erfiðleika við það að þurfa að bæla niður stórum hluta af sjálfinu: „**Ég fel mig og ég tala ekkert um þetta.** Ég nenni ekki að ögra fólki í kringum mig... Það er mjög þægilegt að annaðhvort bara fela sig þegar maður er í hópi sem maður er ekki viss um eða vera bara í kring um fólk sem er kynsegin eða fólk sem er búíð að samþykkja mann og svona.“

Þetta virðist vera algeng upplifun hjá kvárum þar sem þau upplifa að þau þurfi að vera í stöðugri innri málamiðlun um hvort það borgi sig að forðast hugsanlega mismunun (Taylor, o.fl, 2018). En Frost lýsir því að það hefur þær afleiðingar að „ég er að upplifa það mjög mikið að **fólk sé ekki að sjá að ég er kynsegin.** Þetta er svona leiðinlegt. Þetta er svona örಾರೆiti. Enginn meinar neitt illt með þessu en fólk bara sjálfkrafa býst við því að ég er kvenkyns og notar kvenkyns fornöfn. Það er bömmur.“.

### Andspyrna þaggar niður í vitundavakningu kvára

Þegar fólk andmælir auknum sýnileika kvára, verkar það sem þöggun á tilvist þeirra. Blær sagði: „Það sem ég skil alls ekki sem svo margir tala um, margt svona fólk sem er mjög með á nótunum, vel að sér í umræðunni, er hrætt við að það sé verið að afmá, hugtakið karl og konu sem ég átta mig ekki á því hvaðan kemur. Ég hef ekki heyrt neina kynsegin manneskju tala um það, né trans manneskju. En það er eitthvað svona sem mér finnst margir hræddir við „má ég þá ekki lengur vera kona eða karl.“

Frost lýsti: „Ég fæ [það viðmót] frá fólk að ég sé að ónáða þau, eða að þau séu að upplifa mann sem athyglissjúkan. Eins og maður sé bara að reyna að vera „special snowflake“ að maður

sé bara að reyna að vera ekki eins og hinir með því að búa til annað kyn og eitthvað svona. Maður hefur alveg upplifað það.“

Andspyrnan lætur sumt kvár kjósa að vera ekki opið um kyn sitt, Frost lýsti: „*Mér finnst ég ekki einmitt það berskjaldað [fyrir ofbeldi] af því að mér finnst ég ekki einmitt ég er ekki sýnilegt... til dæmis ég var að tala við vinkonu mína sem er svona trans feminine<sup>7</sup> og hún var að tala um að fólk var að kalla á hana „tranny“ einu sinni í viku að upplifa það... Svo einmitt veit ég um fólk sem hefur hrökklast út úr vinnu vegna transfóbúu og svona. Fólkid sem þetta er að bitna helst á eru trans konur og trans femme kvár. Það er bara þessi andúð.“* Vegna andspyrnu og fordóma meta sumt kvár það sem svo að það sé öruggara að halda kyni sínu ósýnilegu.

### Ósýnileiki í tungumálinu

Íslenskan er afar kynjuð í þágu karla fyrst og kvenna svo, þess vegna hefur málið þurft að aðlaga sig til þess að ná einnig utan um kvár (sjá nánar í kafla 2.1.).

Frost lýsir þessari áskorun í íslenska málinu : „*Í fullkomnum heimi þá væri bara þá væri íslenska ekkert kynjað [tungumál] þegar við erum að tala. Þess vegna finnst mér oft þægilegt að tala á ensku einmitt þegar kemur að kyninu mínu.*“ En ósýnileiki kvára viðhelst ef að fólk notar ekki nýja hugtakanotkun sem nær yfir reynsluheim kvára.

Frost lýsti mótþróa fólks við að breyta hugtakanotkun um hán: „*Ég mæti frekar þögn heldur en einhverskonar árásargirni eða leiðindi... [Sís manneskja spurði hán þegar hán kom út:] "Af hverju þarftu að kalla þetta eitthvað?" Afhverju getur þú ekki bara verið stelpa sem er ekki stelpa?... [Manneskjan] sá ekki af hverju þyrfti að gera svona mikið mál úr þessu“.* Frost hélt áfram að lýsa mótspyrnu fólks við nýyrðum um kvár, að fólk stundum væri „ótrúlega neikvætt og bara eitthvað „þetta eru ljót orð“. Það eru fullt af ljótum orðum í íslensku. Af hverju þurfa þessi orð að vera fullkomin til þess að þú notir þau? Það er svo há krafa gerð. Það má bara ekki ónáða sís fólk neitt. Það má ekki neitt koma sem er eitthvað krefjandi. Það má ekki trufla þau neitt af því að þá upplifa þau þetta svo mikið sem einhverja árás. **Á meðan kynsegin fólk á hinn bóginn þarf að þola allt þetta kynjaða mál.** [Sís fólk segir:] Afhverju þurfið þið að vera að gera eitthvað vesen úr þessu.“

<sup>1</sup> Trans feminine er hugtak notað yfir kvár sem upplifir sig og/eða tjáir á kvenlegan hátt. Það er ýmist notað sem sjálfsmyndarhugtak eða lýsingarorð.

Frost lýsti einnig mótsþyrnu fólks við að nota kynhlutlaus fornöfn yfir sig og annað kvár: „*Það voru tveir gaurar eitthvað að tala um að þeim finnst það að nota hán fornöfn asnalegt og þeir voru bara „mér finnst allt í lagi að kynsegin fólk sé til mér finnst bara að þau ættu að gera hluti öðruvísi“ og ég bara „endilega komdu með [hugmynd]“, og þeir „ég veit ekki ég bara myndi gera þetta öðruvísi“. Ég bara „þú veist við erum bara að reyna að navigatea fokking tungumál, sem öllum [nema kvárum] finnst þægilegt.“*

Óvilji fólks að tala á réttan hátt um kvár verkar sem þöggun á tilvist þeirra.

## 5.2. Ábyrgð

Rannsóknin sýndi að kvár upplifa það að bera alla ábyrgð á að útrýma ósýnileika þeirra í samfélaginu að skapa sitt eigið pláss í íslensku samfélagi sem gerir ekki ráð fyrir þeim. Þetta er óraunhæf og ósanngjörn ábyrgð fyrir minnihlutahóp að bera.

### **Kvár látin bera ábyrgð á að fræða og leiðrétta síis fólk.**

Allir viðmælendur lýstu því að þau voru ítrekað sett í stöðu fræðara um hvað það þýðir að vera kvár, hvort sem það var meðal fjölskyldu, vina, samstarfsfólks eða heilbrigðisstarfsfólks. Regn lýsti því að hán hafi haldið glærusýningu og útbúið fræðslubæklinga fyrir vini, fjölskyldu og kunningja til þess að skýra fyrir þeim hvað kvár væri. Þrátt fyrir það lýsir Regn: „*Það eru flestir búnir að koma upp að mér og segja „ég mun gera mistök“ og eitthvað svoliðis. Svona að afsaka sig og auðvitað skil ég það. Allir gera mistök. Ég geri mistök þú veist nota stundum gamla nafnið mitt um sjálf mig. En það getur samt líka verið þínu erfitt þegar allir koma upp að manni og segjast „ég er að fara gera þetta vitlaust og þetta vitlaust og sorri“. Ég skil hvað þau eru að reyna að gera. En þá þarf ég alltaf bara „nei þetta er allt í lagi“ ég þarf að svona að afsaka þau eða þannig ... það getur alveg verið þínu erfitt að fólk sé hrætt um að gera einhverja vitleysu þannig að í staðinn bara tala þau ekki við mig.“*

Það getur verið ofboðslega orkufrekt og lýjandi að fræða fólk um orðanotkun og málefni kvára reglulega, Blær lýsti: „*Það er ekki alltaf tækifæri til að leiðrétta það [að hán sé ekki síis]. Vissulega stundum koma upp aðstæður þar sem þetta er slagur sem ég legg ekki í ... Stundum borgar það sig geðheilsunar vegna og bæði öryggið og maður þarf stundum að hugsa um sjálf sig.“*

Það er sérstaklega erfitt að taka samtalið um hvað það þýðir að vera kvár ef fólk er í andstöðu við hópinn. Elís sagði: „Ég á alveg erfitt með svona conflict. Ég er oft soldið tregt til þess að segja hluti þegar þeir eru að gerast beint fyrir framan mig... Vegna þess að þetta er alveg ofboðslega tilfinningalega erfitt. Að þurfa að ræða þetta getur **alveg eyðilaggt daginn fyrir manni**. Þannig að ég mundi ekki persónulega segja að ég sé ekki mikið í því að svara fyrir mig miðað við annað fólk.“

Orð Blæs, Elís og Regns sýna fram á hversu lýjandi það er að vinnustaðir, þjónustur með búningsklefa (t.d. sundlaugar og líkamsræktarstaðir) og fólk almennt geri ekki ráð fyrir að kvár séu til og að þurfa sífellt að sannfæra aðra um kyn sitt.

### **Kvárum er ætlað að samþykkja síshyggju annarra**

Frost lýsti viðmóti margs sís fólks í umhverfi háns: „Þetta er svona stuðningur, án þess að þau breyti sinni hegðun neitt sérstaklega mikið“, til dæmis með því að segjast samþykkja kvár en nota ekki rétt fornöfn. Allir viðmælendur lýstu því að þau upplifa mjög reglulega að einhver rangkynji þau. Elís lýsti því að kvár séu mjög ánægð ef sís manneskja sýnir þeim þá lágmarks virðingu að kynja þau rétt: „Viðmiðið er svo lágt hjá kynsegin fólki. Við erum með svo lága standarda fyrir öllu. **Ef að einhvern kynjar mann rétt þá er viðkomandi nánast í guðatölu. Sem er eitthvað sem að sís manneskjur mundu aldrei detta í hug að hugsa af því að það er sjálfgefið fyrir þau.**“

### **Kvár látin bera ábyrgð á tilfinningum sís fólks**

Blær nefndi að hán „tók mjög skýrt fram að ég væri alveg rólegt að ef fólk mundi mismæla sig þá væri það bara ekkert mál [þegar hán kom út]. Ég vildi bara alls ekki að neinn væri stressaður í kringum mig. En ég finn það samt alveg. En það er samt jákvætt af því að fólk vill ekki móðga neinn. **En ég vildi samt alveg að það væri ekki svona mikill ótti.** Ég finn það þegar fólk notar [fornafnið] hán... Fólk verður einhvern veginn svo stressað.“

Regn lýsir sambærilegri reynslu: „Ég hef alveg tekið eftir því að fólk er hræddara um að tala um [og við] mig.“ Regn lýsti því að í mörgum kringumstæðum lífsins er hræðsla sís fólks að hafa þau áhrif að hán sé einangrað úr samræðum. Félagsleg einangrun og höfnun getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga sem verða fyrir henni. Þau geta upplifað m.a. mikla tilfinningalega vanlíðan og orðið varkárari við að kynnast nýju fólki (Baumeister o.fl., 2007). Þá er spurningin: Er hræðsla eða óöryggi sís fólks mikilvægari en möguleg félagsleg einangrun kvára?



### Hvar á ábyrgin heima?

Sís fólk eru í forréttindastöðu að því leyti að það upplifir ekki sýshyggju (sjá kafla 2.2.) á eigin skinni, það er því á þeirra ábyrgð að styðja við og búa til pláss í samfélaginu fyrir minnihlutahópin kvár. Það er einnig á þeirra ábyrgð að fræða sig sjálf um málefni kvára og hvernig eigi að tala í kynhlutlausu máli, í stað þess að setja þá vinnu á herðar kvára. Það er mikilvægt að þau taki slaginn fyrir kvár með því að leiðrétta fólk sem talar vitlaust um kvár og að standa uppi fyrir hatursorðræðu.

Elís sagði: „Fólk þarf að vera miklu duglegra að bara til dæmis þegar það heyrir einhvern rangkynja einhvern, að leiðrétta það ... **af því að það er miklu erfiðara fyrir mig að gera það en þau.** Þetta snýr ekki að þeim persónulega, það er ekki einhvern veginn sárt og erfitt fyrir þau. Að sama skapi líka þegar það heyrir fólk vera að tjá sig um hluti sem það á ekki að vera að tjá sig um eins og sís fólk sem er að tjá sig um tilvistarrétt annars fólks... að ekki leyfa því að vera óáreittu.“

Elís bætti við: Sís fólk á „ekki að setja alla ábyrgðina á að leiðrétta annað fólk og standa upp [gegn] hatursorðræðu yfir á trans fólk. Það bara er ekki hægt að ætlast til þess að við sinnum þessu öllu. Vegna þess að **við verðum svo mikið fyrir þessu á hverjum einasta degi** að við getum ekki leiðrétt í hvert einasta skipti. Fólk segir alltaf „þú verður bara að leiðrétta mig“. Það er ekki hægt. Það er ekki raunhæft. Við höfum ekki orku í það.“

### Gagnlegt ef sís fólk myndi opna huga sinn út fyrir kynjatvíhyggjuna

Blær sagði að „vandamálið er að fólk er ekki tilbúið að virkilega velta þessu fyrir sér og setja sig í þessi spor“ en ítrekar mikilvægi þess að sís fólk reyni að setja sig í spor kvára þar sem „þessi kynjatvíhyggja hefur líka áhrif á sís fólk. Þetta er svo ómeðvitað og það er skaðlegt... Af því að maður er forritaður til þess að haga sér á ákveðinn hátt og er alltaf að sanna fyrir öðrum hvaða kyn maður er. Mér finnst svona leiðinlegt að það fá ekki allir að ganga í gegnum að leiðrétta kyn sitt, af því að maður lærir svo margt um sjálfan sig og hvað það er margt sem maður gerir ómeðvitað sem maður vissi ekki að maður vildi.“

Sís fólk þarf einnig að opna hugann fyrir breyttu málfari, Blær sagði: „Mér finnst þetta ætti að vera eins og þegar maður er að læra tungumál, að auðvitað mismælir [maður] sig og það er ekkert illa meint. Maður rangkynjar hluti á því tungumáli og það er enginn svona sem móðgast

við því ... Af því að það er svo jákvætt að fólk vilji koma vel fram og ekki særa neinn en þetta er svona ótti sem ég átta mig ekki alveg á.“

### Fyrirfram ákvarðanir um kyn fólks

Frost bendir á að það myndi breyta miklu ef „að síð fólk myndi ekki vera móðgað ef að einhver spyr þau um fornöfn, af því að ég get alveg ímyndað mér að fólk myndi taka því bara „ojj þú veist heldur þú að ég sé hitt kynið“, „hvað er að þér“ „vá hvað það er móðgandi“ og svona. Þetta er ekki mjög frábært viðhorf, af því að þá þorir fólk ekki að spyrja [um fornöfn].“ Fólk þyrfti að temja sér að gera ekki ráð fyrir kyni einstaklings, heldur að spyrja um fornöfn.

Frost lýsir því að það sé vont „að maður sé ekki viðurkenndur af því að fólk hefur sínar fastar hugmyndir ég vildi... að fólk væri meira meðvitað [um] að þótt að einhver líti út fyrir að vera kvenkyns, karlkyns [þá geta þau verið kvár] að ekki bara gera ráð fyrir því... Af því að það getur verið mjög erfitt að vera androgenous looking.“ Það er ekkert eitt kvár útlit, rétt eins og að allar konur tjá sig ekki á sama hátt og líta ekki eins út.

Einnig væri gott ef síð fólk myndi einnig temja sér að virða og spyrja hvernig kvár (og annað síð fólk) vill láta tala um og við sig. Regn lýsir því: “Það er mikilvægast fyrir mig er að fólk tali með kynhlutlaus nafnorð, eins og segi kvár og ná fornöfnum mínum rétt. Beyging lýsingarorða eru kannski ekki mjög mikið að trufla mig, en mér finnst samt fólk [ætti að] reyna að gera það kynhlutlaust.“

## 5.3. Kerfislægar hindranir

Kvár upplifa kynbundnar hindranir í kerfinu sem síð konur og karlar gera ekki. Í eftirfarandi kafla eru nokkrar birtingarmyndir kerfislægs kynjamisréttis sem kvár upplifa settar fram.

### 5.3.1. Stjórnsýsla: Hlutlaus skráning kyns og nafns

Kvár lenda á veggjum skriffinnsku innan kerfis hins opinbera. Eins og áður hefur verið fjallað um þá geta kvár á Íslandi, sem og í mörgum öðrum ríkjum, breytt kynskráningu sinni í þjóðskrá og í vegabréfi í hlutlausa skilgreininguna X í stað Kk (M á ensku) fyrir karlkyn og Kvk (F á ensku) fyrir kvenkyn. Kvár geta einnig breytt nafni sínu í þjóðskrá, en til þess að taka upp endingarlaust kenninamn eða kenninamn með viðskeytið -bur í stað -dóttir eða -son, þarf einstaklingur að vera með

hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá. En margt kvár veigrar sér frá því að breyta kynskráningu sinni á þennan hátt vegna ótta við mismunun eða skrifræðislegar hindranir.

Blær lýsti: „Ég vil virkilega vera X. Að vera ekki með neitt kyn skráð [í þjóðskrá]. En það er þessi spurning með vegabréfið. Maður vill líka eiga möguleika á því að ferðast án þess að lenda í veseni.“ Þetta eru raunverulegar áhyggjur þar sem aukin hætta fyrir kvár getur birtst í aukinni athygli og öryggisleit í landamæraeftirliti, hindrun þess að bóka flugmiða eða fara til ákveðinna landa (Þorvaldur S. Helgasson, 2022a; Savage og Banerji, 2022).

Frost vill einnig breyta kynskráningu sinni í hlutlausa, en veigrar sér við því vegna sömu áhyggna um vegabréf sem og um „*hvað framtíðin hefur í skauti sér*“. Vegna bakslags í réttindabaráttu hinsegin fólks eru áhyggjur um að verða fyrir hatursglæpum vegna kynseginleika því miður ekki fjarstæðukenndar (sjá kafla 2.3.4.). Frost minntist einnig á að hán veigri sér frá hlutlausri skráningu kyns, vegna þess að heilbrigðiskerfið styðst við þjóðskrá og boðar ekki t.d. kvár með leg í leghálskrabbameinsskimanir eða kvár með blöðruháls í skimanir fyrir blöðruhálskrabbameini.

Sú staðreynd að margt kvár velur að breyta ekki kynskráningu sinni ýtir einnig undir þá áskorun að kyngreind tölfræði er óréttmæt. Því er erfitt er að greina samfélagslegan vanda sem kvár upplifa eins og fjallað er um í kafla 3.3.

### 5.3.2. Heilbrigðiskerfið

Rannsóknarniðurstöður sýna fram á tvenns konar hindranir innan heilbrigðiskerfisins, hindranir í lækniþjónustu fyrir trans fólk sem fer fram innan Trans teymisins og fordóma og vanþekkingu meðals heilbrigðisstarfsfólks almennt.

#### Trans teymið: Vegatálmi

Trans fólk, þar á meðal kvár, getur leitað til Trans teymisins kjósi það að fara t.d. í hormónameðferð til þess að breyta líkamsgerð, hárvexti og rödd til þess að breyta eða ýkja kyneinkenni (lesa má nánar um Trans teymið í kafla 2.5.). Blær og Elís höfðu eða voru að ganga í gegnum ferli hjá Trans teyminu á meðan rannsóknin átti sér stað en Frost og Regn vildu bæði byrja á hormónum og fara í kynleiðréttandi aðgerð en voru að bíða með það.

Blær ætlaði að nota nýtt nafn og fornafn þegar að meðferð var hafin hjá Trans teyminu. Hins vegar varð biðin of íþyngjandi og löng og hán fann „að það var ekki hægt“ að bíða lengur með það. Margt trans fólk hefur lýst því að biðin hafi afar slæm áhrif á líf og geðheilsu þeirra (Þorvaldur S. Helgason, 2022b).

Elís sagði að biðlistinn til að komast að Trans teyminu væri afar langur, fátt starfsfólk starfar hjá teyminu og öll eru í lágri prósentu. Þá séu kynstaðfestandi aðgerðir ekki settar í forgang. Blær lýsir: „*Þetta tekur ótrúlega langan tíma og maður áttar sig ekki alveg á því til hvers þetta ferli er. Af því að svona flestir sem byrja eru búnir að ákveða hvað þeir vilja en svo gengur þetta ferli út á það að sannfæra lækna um að maður viti hvað maður vill. Þannig þetta er eiginlega bara bið.*“

Ofan á það að ferlið taki langan tíma þá lýsa Blær og Elís því að það innihaldi óþarfa skref. Blær segir: „*Það eru þessi fjögur viðtöl og þetta er einhvern veginn alltaf bara það sama. Sett fram sem svona utanumhald en þetta er meira svona eins og hnúturinn.*“ Elís er sammála því að þessi viðtöl séu óþarfi og eitthvað sem flest trans fólk þurfti ekki á að halda. Blær bætir við: „*Mér finnst smá skrtíð að það sé bæði sálfræðingur og geðlæknir að spyrja mann alls konar persónulegra spurningar um æsku og alls konar hluti sem **koma málinu ekkert við**... [Þetta er] líka bara mjög erfitt ferli.*“

Blær og Elís lýstu því að upplýsingaflæði á milli Trans teymisins og skjólstaðinga væri afar slakt. Skjólstaðingar fengu oft litlar upplýsingar og engin svör við spurningum og þannig væru þeir skildir eftir í lausu lofti um meðferð sína. Þar að auki lýsti Elís því að heilbrigðisþjónusta trans fólks geti orðið afar kostnaðarsöm. Sjúkratryggingar Íslands greiða eingöngu niður hluta af aðgerðum og meðferðum sem eru framkvæmdar meðan sértækar kvaðir eru settar á sumar meðferðir. Til dæmis geta eingöngu þeir einstaklingar sem eru skráðir kvenkyns í þjóðskrá fengið niðurgreiðslu á háreyðingu í andliti en það er útilokandi fyrir kvár.

Blær bætir við: „*Þetta teymi, ég upplifi það sem **vegatálma**.*“ Elís er hér að lýsa Trans teyminu sem hliðverði að háns heilbrigðisþjónustu (e. *medical gatekeeping*), þar sem hán verður að fá samþykki teymisins áður en meðferðin sjálf hefst. Það mætti líkja verkferla Trans teymisins við aðferðafræði bælingarmeðferðar þar sem þau leiða skjólstaðinga í gegnum óþarflega flókið og erfitt ferli (Gurtler, 2022) (sjá nánar í kafla 2.3.5.). Blær og Elís voru sammála um að verkferlar

Trans teymisins væru eitthvað sem stjórnvöld þyrftu að bæta til þess að styðja betur við þarfir kvára.

### **Erfið samskipti við heilbrigðisstarfsfólk**

Þátttakendur minntust á vandræði í samskiptum við heilbrigðisstarfsfólk sem veita þjónustu sem er ótengd kyni þeirra, t.d. lækna, tannlækna, og sálfræðinga.

Regn og Elís töluðu um að upplifa hræðslu við að hitta nýja lækna, þar sem þau vissu ekki hvernig lækurinn myndi taka þeim. Bæði Regn og Elís lýstu því að þau hefðu upplifað að lækur og sálfræðingar rangkynjuðu þau ítrekað og/eða spurðu óviðeigandi spurningar um kyn þeirra sem kom lækniþjónustunni ekki við.

Það virðist vera einstaklingsbundið hvort heilbrigðisstarfsmaður hafi kynnt sér hvernig eigi að þjónusta kvár, þar sem Regn og Frost minntust einnig á reynslu þar sem þau upplifðu jákvætt viðmót frá sálfræðingi og tannlækni. Erlendar rannsóknir sýna að jákvæð reynsla trans fólks af samskiptum við heilbrigðisstarfsfólk einkennist af notkun kynhlutlauss tungumáls um skjólstæðinga og þekkingu á málefnum þeirra. En neikvæð reynsla einkennist af rangkynjun, vanþekkingu á málefnum trans fólks og sértækri heilbrigðisþjónustu þeirra og síshyggju/transfóbíu (Baldwin o.fl., 2018).

Það er óásættanlegt að margir lækur séu ekki fræddir um hvað það er að vera kvár og hvernig eigi að eiga eðlileg skjólstæðingasamskipti við þau. Kynsegin skjólstæðingar eiga ekki að vera settir í það hlutverk að fræða lækna um kynseginleika.

### **5.3.3. Skólakerfi**

Elís og Regn voru nemendur, á framhalds- og háskólastigi, þegar þau voru komin út sem kvár.

#### **Skráning kyns og nafns**

Það hefur orðið framför í skólakerfinu að nú geta (sumir) nemendur breytt nafni sínu og kyni í skráningu skóla áður en þau hafa breytt því í þjóðskrá. Þetta er mikilvægt fyrir nemendur sem eru kvár m.a. til þess að tryggja að þau séu lesin upp rétt og að kennarar og samnemendur noti rétt fornöfn og beygingar lýsingarorða.

Elís lýsti þó að hán lenti á vegg þegar hán reyndi að breyta skráningu nafns og kyns í framhaldsskóla, þar sem hán þurfti að rökræða við og sannfæra skólayfirvöld um breytinguna. Hán

fékk í fyrstu þau svör frá skólayfirvöldum að skráning nafns og kyns yrði að fara eftir skráningu í þjóðskrá, en á þeim tíma var hán ekki tilbúið að breyta þeirri skráningu. Hán lýsir: „ég var ekki öruggt með alveg fullt nafn. Ég var ekki búíð að ákveða fullkomlega nafnið og ég var ekki tilbúið að breyta alveg í þjóðskrá. Það var eitthvað sem mér fannst skorta hérna skilning á.“ Það var ekki nægilegur skilningur á því að það getur verið flókið að breyta skráningu í þjóðskrá. Þegar hán hóf nám í háskóla gekk breyting á skráningu nafns og kyns betur, þar sem hán þurfti eingöngu að fylla út eitt form. En fyrirkomulag háskólans hafði þann galla að skólinn heimilaði einungis eina breytingu, sem eru strengri skilyrði en þjóðskrá gefur. Hán segir: „það er eitthvað sem ég hef svosem ekki rekið mig á af því að ég hef ekki breytt oftar en einu sinni. En er eitthvað sem er ekki æskilegt. Eitthvað sem mætti endilega reyna að bæta.“

Breyting á skráningu nafns og fornafns gekk hratt fyrir sér hjá Regni, en ekki gekk jafn vel að fá kennara til að fylgja henni eftir, hán lýsti: „Það kemur svona í sviga hán fornafnið mitt, áður en nafnið mitt er á nafnalistum. Það er gott að vita af því. En ég held að það mætti samt alveg kynna betur fyrir kennurum hvernig eigi að nota fornöfnin, því að þótt þetta sé þarna í sviganum, þá er þetta ekki notað... [Þau] spá ekki í þessu og **nota vitlaus fornöfn eða vita ekki hvernig þau eiga að nota fornöfnin mín** eða vita ekki hvernig þau eiga að tala við mig þannig að bara svona þínu forðast það.“ Það er alvarlegt að kennari sé ekki nógu upplýstur um hvernig nota eigi fornafnið hán og að kennarinn tali ekki við nemanda sinn.

### Kynjuð rými

Þegar skólar hafa engin kynhlutlaus salerni útiloka þeir kvár frá rýmum og þjónustu. Regn lýsti: „Það er þínu erfitt með baðherbergin. Það eru bara kynjuð eða fatlaðra baðherbergi. Þannig að mér líður óþægilega að vera að nota fatlaðra baðherbergin líka af því að stór partur af skólanum eru fötluð og í hjólastól. **Að vera að taka upp þeirra pláss.** Bara út af því að það er ekki baðherbergi fyrir mig.“

### Erfið samskipti við samnemendur og kennara

Elís lýsir því þegar hán lenti í erfiðum atvikum þar sem samnemendur og kennarar sýndu fordómafulla hegðun og skilningsleysi á kynseginleika: „Það er í rauninni eitthvað sem hefur komið svolítið á óvart... miðað við að þetta var ekki eitt atvik einu sinni og ekki einn einstaklingur og bæði í rauninni nemendur að [vera] með skrítna framkomu og kennarar að taka ekki á hlutum.“ Hán bætti við: „Þetta [atvik] er mun sterkara [en öráreiti]. Það kom mér í rosalega mikla opna

*skjöldu þegar þetta gerðist, af því að sérstaklega af því að í þessu umhverfi átti maður frekar von á því að geta svolítið, kannski ekki alveg lagt niður skjöldinn, en að einhverju leyti verið aðeins rólegra.“*

Elís segir að kennarar hefðu getað tekið „meira mark á ábendingum“ og gert ráðstafanir til þess að allir kennarar myndu taka betur á móti kvárum og gera kennslustofuna að öruggara rými.

### **Kynseginleiki ósýnilegur í námsefni**

Elís lýsir því að hán átti erfitt með að spegla sig í námsefninu. Hán sagði: „*þetta er bæði bara síð og heterónormatívt í þessu námsefni... Það er rosalega mikið bara karlar og konur í gagnkynja samböndum og allar rannsóknir eru út frá því... manni finnst viðhorfið vera það að það er hinsegin námskeið í boði og að það eigi bara að dekkja það og þess vegna þurfi ekkert að bæta við um hinsegin fólk [í öðru námsefni]. Eins og það tengist ekki hinu námsefninu það er bara fjallað um það sér.“* Erlendar rannsóknir hafa einnig sýnt fram að skólanámsskrá sé almennt afar föst í kynjativhyggjunn (Francis og Monakali, 2021; Bower-Brown o.fl., 2021), sem gerir sérstaklega stálpum erfiðara fyrir að vera opin um kyn sitt í skólanum (Pechter o.fl, 2021).

#### **5.3.4. Vinnustaðir**

Þrjú af fjórum þátttakendum rannsóknar voru starfandi á meðan rannsókn átti sér stað. Tvö þeirra unnu starf hjá hinu opinbera og eitt þeirra hjá einkafyrirtæki.

#### **Sífellit á varðbergi**

Frost og Blær lýstu því bæði hvernig þau ákváðu að meta aðstæður í starfi áður en þau upplýstu fólk um að þau séu kvár. Frost lýsti: „*Ég er ekki opið með það [kyn háns, þegar hán sækir um starf]. Ekki fyrr en ég skoða umhverfið í vinnunni. Ég kem ekki inn kynsegin. Af því að ég vil vinnu. Augljóslega og ég vil ekki taka þá áhættu að það sé að koma í veg fyrir það að ég fái vinnu ... Ég vil frekar fá vinnuna og sjá hvernig það er þar og svo koma út eftir aðstæðum eða hætta eftir aðstæðum, heldur en að taka áhættuna um að það sé verið að neita mér um vinnu af því að það stendur á blaðinu kynsegin og að fólkið meðvitað eða ómeðvitað ákveður að ráða mig ekki. Af því að við vitum að fólk gerir þetta líka ómeðvitað og [þau eru] ekki endilega viðurkenna fyrir sér að þau eru með fordóma eða [eru] hrædd.“* Þetta rímar við niðurstöður Emma Jeanes og Kirsty Janes (2021) sem rannsökuðu hvernig trans karlmenn upplifðu sig á vinnustöðum. Margir þátttakendur í rannsókn þeirra greindu frá því að þeir voru meðvitaðir um mögulega áhættu þess að vera opinir

um að þeir væru trans. Þessi áhætta fól m.a. í sér áhættu á ofbeldi, andúð eða útsetningu (Janes og Janes, 2021).

Blær og Elís lýstu einnig atvikum þar sem þau heyrðu fordómafulla umræðu um trans eða kynsegin fólk útundan sér. Blær lýsti: „*Mér finnst verst að það er fólk sem ég hef orðið vart við í vinnunni sem er oft með vafasamar hugmyndir um kynsegin fólk... [Það] var að tala á mjög vanvirðandi hátt... Það var mjög óþægilegt... Ég hef bara heyrt svona samræður útundan mér og ákveðið að skerast ekki í leikinn, af því það var ekki staður eða stund... **Maður fer að passa sig betur. Maður þarf alltaf að vera að lesa í aðstæður...** Að það sé ekki einhver sem ræðst á bara tilvist manns.“*

Elís lýsti: „*Mesti áreksturinn sem ég lenti í [á vinnustað, var]... þegar einhverjum fannst tilvalið að ræða aðeins trans konur í sundi [á fordómafullan hátt]. En það var samt ekki í neinum tengslum við mig persónulega.“*

Elís og Blær lýstu því bæði að þau treystu sér ekki að andmæla fordómum samstarfsfélaga sinna. Þó svo að fordómunum var ekki beint að þeim persónulega þá hafi það áhrif á þau. Fordómar sem beint er að samfélagi kynsegin og annars trans fólks hefur neikvæð áhrif á kynjajafnrétti og öryggi trans fólks í samfélaginu. Það kemur ekki á óvart að mismunun gegn trans fólki tengist aukinni vanlíðan hjá þeim almennt og er því er mikilvægt að umhverfi kvára viðurkenni kynvitund þeirra (Doyle o.fl., 2021).

### Samstarfsfólk ekki með tungumálið á hreinu

Blær og Regn lýstu samskiptum við vel meinandi samstarfsfólk sem var hrætt við að mismæla sig. Blær lýsti: „*[Samstarfskonur] ræddu [við hán] að þær voru farnar að stunda svona lýsingarorðaförðun. Það var orðið erfitt að tala við mig og um mig... en svo fann ég líka að sumir áttu erfitt með þetta fyrst og reyndi að tala mjög kynlaust og ávörpuðu mig með nafni.“*

Á sambærilegan hátt lýsti Regn: „*Það er í rauninni mikil heppni ef þau [samstarfsfólk] nota rétt fornöfn ... þau [sum hver] þora ekki að nota fornöfn og segja alltaf bara Regn [gervinafn]. Nota bara nafnið mitt. Bara Regn ætlar að gera þetta svo ætlar Regn að gera þetta. Regn er svona.“*



**Það sem hægt er að bæta á vinnustöðum**

Þegar Blær leit til baka þá áttaði hán sig á því að „*Það er alls staðar gert ráð fyrir að fólk sé karlkyns eða kvenkyns. Það var aldrei neinn sem spurði um fornöfn. Það er eitthvað sem mætti kannski bara vera hluti af því að einhver byrjar í nýrri vinnu, að allir segja hvaða fornöfn þau nota og spyrja.*“ Blær benti einnig á að einföld lausn við þessu gæti verið ef allt starfsfólk myndu setja fornöfnin sín í tölvupóstinn sinn.

Regn benti á að fræðsla gæti bætt andrúmsloftið og líðan hans í vinnunni: „*Ef að það væri frætt fólk um þetta, kannski haldið kynningu eða gefið þeim bækling þá væru þau kannski tilbúin í að prófa sig áfram [að tala í kynhlutlausu máli]. [Þau væru ef til vill] ekki jafn hrædd við að tala við mig. Það getur alveg verið þínu erfitt að fólk sé hrætt um að gera einhverja vitleysu þannig að í staðinn bara tala þau ekki við mig.*“

Blær minntist einnig á að fræðsla gæti verið gagnleg fyrir vinnustaði: „*Af því að maður heyrir svo margt í umræðunni sem er bara svo rangt. Ég er náttúrulega bara að vinna og það er ekki alltaf sem maður nennir að standa upp og vera eitthvað „heyrðu hlustið nú“. Það væri gott ef það væri svona hluti af vinnustaðamenningu að fá hinsegin fræðslu og almenna fræðslu um minnihlutahópa líka. Að það væri eitthvað sem væri í boði bara eins og skyndihjálparnámskeið. Það væri næs af því að það er líka oft erfitt að vera í hlutverki fræðarans þegar maður er líka einhvernveginn „dæmið“. Það væri gott ef það væri einhver utanaðkomandi sem fólk gæti spurt... og [þá þyrfti hán] ekki vera að lesa yfir öðrum. Fólk kann því oft illa... upplifir það sem árás jafnvel.*“

Samkvæmt Rannsókn Ann Hergatt Huffman og fleiri (2021) þá tengist stuðningur yfirmanna og samstarfsfólks starfsánægju og jafnframt almennri lífsánægju kvára. Stuðning má sýna með notkun rétttra fornafta og með því að andmæla niðrandi athugasemdum um kvár og annað trans fólk (Huffman o.fl., 2021). Það er greinilegt að mikilvægt er að minnka fræðsluálag á kvár til þess að bæta vinnustaðamenningu. Í þægilegu vinnuumhverfi er auðveldara að sinna starfi sínu vel.

**5.3.5. Samantekt um kerfislægar hindranir**

Hindranir kvára í kerfinu tengjast ósýnileika þeirra í samfélaginu og óraunhæfri ábyrgð sem þeim er eignuð til að búa til pláss fyrir þau sjálf í samfélaginu. Viðmælendur þessarar rannsóknar lýstu

Því hvað þau sáu fyrir sér að stjórnvöld þurftu að bæta. Elís vildi sjá breytingar á lögum og reglugerðum sem hindruðu kvár. Regn og Frost vildu sjá aukina fræðslu og vitundavakningu um málefni kvára á öllum sviðum samfélagsins. Blær tók undir að stjórnvöld ættu að hrinda af stað „*aðgerðum til að auka sýnileika*“, en minntist einnig á að þau ættu að bæta „*vegabréfamálið*“ og setja reglur um að byggingar yrðu að hafa kynhlutlaus salerni.


Niðurstöðurnar þessarar rannsóknar ríma við nýja rannsókn Birtu Kjerúlf sem kemur út síðar í ár um kerfislægar hindranir kvára og trans fólks á Íslandi. Niðurstöður hennar sýna m.a. að meðal kvára og annars trans fólks ríkir vantraust á kerfinu þar sem kerfið mætir ekki þörfum þeirra nægilega vel og að þeirra þarfir séu ekki settar í forgang.

Af ofangreindu er ljóst er að stjórnvöld verða að bæta margt í kerfinu til þess að skapa kvárum rými í samfélaginu en höfundur tók saman dæmi um aðgerðir í „*Tillögur til úrbóta*“ sem nálgast má í upphafi þessarar skýrslu. Samfélagið almennt þarf einnig að hrinda af stað breytingum til þess að stuðla að auknu kynjajafnrétti og sýnileika kvára.


## 6. Lokaorð

Þessi rannsókn er byrjun á því að rannsaka stöðu kvára á Íslandi í dag og birtingarmyndir kynjamisréttis sem þau verða fyrir. Ljóst er að kvár upplifa talsvert kynjamisrétti í Íslensku samfélagi sem síð konur og karlar upplifa ekki. Jaðarsetning kvára á Íslandi í dag birtist fyrst og fremst í ósýnileika hópsins, þar sem á nær öllum sviðum samfélagsins er ekki gert ráð fyrir hópnum að því leiti að hann er ekki nefndur eða honum jafnvel afneitaður. Ósamngjörn ábyrgð er sett á kvár til þess að búa til pláss í samfélaginu fyrir þau, sem ætti að vera verkefni á herðum forréttindameiri meirihlutahópsins: síð fólk. Þessar birtingarmyndir kynjamisréttis kvára er endurspeglast í kerfislægum hindrunum, sem tengjast skráningu kyns og nafns, heilbrigðiskerfinu, skólakerfinu og vinnustöðum.

Rannsóknarniðurstöður þessar sýna fram á það að nauðsynlegt er að samfélagið allt beiti sér við að stuðla að aukinni jákvæðri vitundavakningu og sýnileika hópsins. Stjórnvöld bera einnig skyldu til þess að huga að kynjajafnrétti fyrir hópinn með því að útrýma kerfislægum hindrunum.



Höfundur rannsóknar: Birta Ósk, meistaranemi í kynjafræði.



Umsjónarkona rannsóknar: Rut Einarsdóttir, framkvæmdarstýra Kvenréttindafélags Íslands.

## 7. Heimildaskrá

- Aðalheiður Ásmundardóttir (2022). Einn af tíu segir lesblindu aftra sér í námi. *Fréttablaðið*.  
<https://www.frettabladid.is/frettir/einn-af-tiu-segir-lesblindu-aftra-ser-i-nami/>
- Alda Villiljós (2013). Hán – nýtt persónufornafn?. *Knúz*.  
<https://knuz.wordpress.com/2013/09/09/han-nytt-personufornafn/?fbclid=IwAR173zzP2s9vB-YFCHS3Lz1H9Ys64b8zauIseZY7xzD0EBjkZxguIQWnLNo>
- Ansara, Y. G. (2015). Challenging cisgenderism in the ageing and aged care sector: Meeting the needs of older people of trans and/or non-binary experience: Challenging cisgenderism in the ageing and aged care sector. *Australasian Journal on Ageing*, 34, 14–18.  
<https://doi.org/10.1111/ajag.12278>
- Auður Magndís Auðardóttir (2016). *Kynhlutlaus salerni og búningsklefar*. Samtökin 78.  
<https://samtokin78.is/kynhlutlaus-salerni-og-buningsklefar/>
- Ágústa Þorbergsdóttir (2021). *Skýrsla um kynhlutlaust mál*. Íslensk málnefnd.  
<https://islenskan.is/images/skyrslur/Skyrsla-um-kynhlutlaust-mal.pdf>
- Áttavitinn (2021). Hinsegin orðabók. *Áttavitinn*. <https://attavitinn.is/sambond-og-kynlif/hinsegin/hinsegin-fra-a-o/>
- Baldwin, A., Dodge, B., Schick, V. R., Light, B., Schnarrs, P. W., Herbenick, D. og Fortenberry, J. D. (2018). Transgender and genderqueer individuals' experiences with health care providers: What's working, what's not, and where do we go from here? *Journal of Health Care for the Poor and Underserved*, 29(4), 1300–1318.  
<https://doi.org/10.1353/hpu.2018.0097>
- Barbee, H. og Schrock, D. (2019). Un/gendering social selves: How nonbinary people navigate and experience a binarily gendered world. *Sociological Forum*, 34(3), 572–593.  
<https://doi.org/10.1111/socf.12517>
- Baumeister, R. F., Brewer, L. E., Tice, D. M., og Twenge, J. M. (2007). Thwarting the need to belong: Understanding the interpersonal and inner effects of social exclusion: belonging and rejection. *Social and Personality Psychology Compass*, 1(1), 506–520.  
<https://doi.org/10.1111/j.1751-9004.2007.00020.x>

- Birta Kjerúlf (2022). *Kynjasambætting út fyrir kynjatvíhyggjuna: Staða og réttindi kvára og trans fólks innan stjórnkerfisins á Íslandi*. [Óbirt skýrsla]. Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.
- Birta Ósk Tómasdóttir (2021). *Snjöll og jöfn: Tengsl fjölbreyttra þarfa fólks á ferðinni og snjallra ferðamáta*. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar.  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/snjoll\\_og\\_jofn\\_birta\\_osk\\_tomasdottir\\_2021\\_18.11.21.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/snjoll_og_jofn_birta_osk_tomasdottir_2021_18.11.21.pdf)
- Bower-Brown, S., Zadeh, S. og Jadva, V. (2021). Binary-trans, non-binary and gender-questioning adolescents' experiences in UK schools. *Journal of LGBT Youth*, 1–19.  
<https://doi.org/10.1080/19361653.2021.1873215>
- Boyon N. og Silverstein, K. (2021). LGBT+ Pride 2021 Global Survey points to a generation gap around gender identity and sexual attraction. *Ipsos*. <https://www.ipsos.com/en/lgbt-pride-2021-global-survey-points-generation-gap-around-gender-identity-and-sexual-attraction>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful Qualitative Research: a practical guide for beginners*. SAGE.
- Doyle, D. M., Begeny, C. T., Barreto, M. og Morton, T. A. (2021). Identity-Related Factors Protect Well-Being Against Stigma for Transgender and Gender Non-Conforming People. *Archives of Sexual Behavior*, 50(7), 3191–3200. <https://doi.org/10.1007/s10508-021-02029-1>
- Dwyer, S. C. og Buckle, J. L. (2009). The space between: On being an insider-outsider in qualitative research. *International Journal of Qualitative Methods*, 8(1), 54–63.  
<https://doi.org/10.1177/160940690900800105>
- Eiríkur Rögnvaldsson (2021)a. *Hýryrði*. <https://uni.hi.is/eirikur/2021/02/20/hyryrði/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2021)b. *Kynhlutlaus starfsheiti*.  
<https://uni.hi.is/eirikur/2021/01/26/kynhlutlaus-starfsheiti/>
- Elísabet Rún (2021). *Kynsegin*. [hlaðvarp]. RÚV.  
<https://www.ruv.is/utvarp/spila/kynsegin/32029>
- Eyrún Eyþórsdóttir (2022). *Hatur gegn hinsegin*. [fyrirlestur]. RIKK, GRÓ-GEST og Háskóli Íslands. <https://rikk.hi.is/hatur-gegn-hinsegin/>

- Francis, D. og Monakali, E. (2021). 'Lose the Act': Pedagogical implications drawn from transgender and non-binary learners' experiences of schooling. *Pedagogy, Culture & Society*, 29(5), 715–731. <https://doi.org/10.1080/14681366.2021.1912159>
- Fuentes T. og Olson S. (2022). 25 Amazing Non-Binary Celebs Who Are Breaking the Gender Mold. *Seventeen*. <https://www.seventeen.com/celebrity/g27702340/non-binary-celebrities/>
- Government Equalities Office UK (2018), *National LGBT Survey: Research Report*. [https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment\\_data/file/721704/LGBT-survey-research-report.pdf](https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/721704/LGBT-survey-research-report.pdf)
- Grand Rapids Pride Center (e.d.). *Nonbinary pride flag*. <https://grpride.org/product/nonbinary-pride-flag/>
- Gurtler, P. (2022). How Harmful are Conversion Practices for Transgender People?. *Australian & New -Zealand Mental Health Association*. <https://anzmh.asn.au/blog/how-harmful-are-conversion-practices-for-transgender-people?fbclid=IwAR3KOUwakYyBtVZZyI-mdWVV5eonthvxEYlwsqEGDILmJSesFhMNHxL0R0I>
- Hagstofa Íslands (2022). *Yfirlit mannfjölda*. <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/yfirlit/>
- Haraway, D. (1988). Situated Knowledges: The Science Question in Feminism and the Privilege of Partial Perspective. *Feminist Studies*, 14(3), 575–599. <https://doi.org/10.2307/3178066>
- Hersir Aron Ólafsson (2017). Segir ferð á almenningsskósetti gjarnan kvíðavaldandi athöfn fyrir kynsegin fólk. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/2017171008918/segir-ferd-a-almenningssklosett-gjarnan-kvidavaldandi-athofn-fyrir-kynsegin-folk>
- Hinsegin frá Ö til A (e.d.)a. Kynsegin. <https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynvitund-og-kyntjaning/kynsegin/>
- Hinsegin frá Ö til A (e.d.)b. *Síshyggja – Transfóbía*. <https://otila.is/vidhorf/fordomar-og-jadarsetning/sishyggja-cis-sexism-transfobia/>
- Hinsegin frá Ö til A (e.d.)c. *Trans – transgender*. <https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynvitund-og-kyntjaning/transgender/>
- Hinsegin frá Ö til A (e.d.)d. *Kynvitund*. <https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynvitund-og-kyntjaning/kynvitund/>
- Hinsegin frá Ö til A (e.d.)e. *Hán – kynhlutlaus persónuformöfn*. <https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynvitund-og-kyntjaning/kynhlutlaus-personuformofn-han-he-hin/>

- hooks, b. (2004). *The Will to Change: Men, Masculinity, And Love*, ARTIA, New York.
- Huffman, A. H., Mills, M. J., Howes, S. S. og Albritton, M. D. (2021). Workplace support and affirming behaviors: Moving toward a transgender, gender diverse, and non-binary friendly workplace. *International Journal of Transgender Health*, 22(3), 225–242. <https://doi.org/10.1080/26895269.2020.1861575>
- Íris Erlingsdóttir (2022). Siðræna transgátan. *Morgunblaðið*. [https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1805101%2F%3Ft%3D539589817&page\\_name=grein&grein\\_id=1805101](https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1805101%2F%3Ft%3D539589817&page_name=grein&grein_id=1805101)
- Íþróttabandalag Reykjavíkur (e.d.). *Hinsegin í íþróttum*. <https://www.ibr.is/hinsegin-i-itrottum>
- Jeanes, E., og Janes, K. (2021). Trans Men Doing Gender at Work. *Gender, Work & Organization*, 28(4), 1237–1259. <https://doi.org/10.1111/gwao.12675>
- Kristinn Haukur Guðnason (2022)a. Sjöttú og fjórir með hlutlausu kynskráningu. *Fréttablaðið*. <https://www.frettabladid.is/frettir/sjotiu-og-fjorir-med-hlutlausa-kynskraningu/>
- Kristinn Haukur Guðnason (2022)b. Rannsaka launamun hinsegin fólks og annara. *Fréttablaðið*. <https://www.frettabladid.is/frettir/rannsaka-launamun-hinsegin-folks-og-annarra/>
- Kristín Sigurðardóttir (2022). Kynhlutlaust mál er viðskiptalega skynsamlegt. *Fréttastofa RÚV*. <https://www.ruv.is/frett/2022/06/06/kynhlutlaust-mal-er-vidskiptalega-skynsamlegt>
- Landspítali (e.d.)a. *Transteymi BUGL*. <https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/teymi-/transteymi-bugl/>
- Landspítali (e.d.)b. *Transteymi fullorðina*. <https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/teymi-/transteymi-fullordinna/>
- Lennon, E. og Mistler, B, J 2014, Cisgenderism, *TSQ: Transgender Studies Quarterly*, 1(1–2), 63–64. <https://doi.org/10.1215/23289252-2399623>
- Lilja Guðmundsdóttir (2021) *Viðhorf Íslendinga til kynhlutlausrar orðanotkunar: Félagfræðileg rannsókn*. Lokaverkefni til BA prófs. Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/38407>
- Lög um jafna meðferð á vinnustaði. nr. 86, 2018. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2018.086.html>
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. nr. 150, 2020. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2020150.html>
- Lög um kynrænt sjálfræði. nr. 80, 2019. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019080.html>

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. nr. 80, 2018.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018090.html>

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar (2020). *Kynlegar tölur 2020: Konur og karlar í Reykjavík.*

[https://reykjavik.is/sites/default/files/borg\\_kynlegartolur\\_isl\\_180520loka.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/borg_kynlegartolur_isl_180520loka.pdf)

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar (2021). *Kynlegar tölur 2021: Kyn og margbreytileiki í Reykjavík.*

[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/kynlegar\\_tolur\\_2021.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/kynlegar_tolur_2021.pdf)

Markús Þórhallsson (2021). Á fimmta tug trans- og kynsegin myrt í Bandaríkjunum. *Fréttastofa Rúv*. <https://www.ruv.is/frett/2021/11/21/a-fimmta-tug-trans-og-kynsegin-myrt-i-bandarikjunum>

Matsuno, E. og Budge, S. L. (2017). Non-binary/genderqueer identities: A critical review of the literature. *Current Sexual Health Reports*, 9(3), 116–120. <https://doi.org/10.1007/s11930-017-0111-8>

Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir (2022). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*. Varða: Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins.

[https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid\\_efni/stada-launafolks-a-islandi-jan-2022.pdf](https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid_efni/stada-launafolks-a-islandi-jan-2022.pdf)

Monro, S. (2019). Non-binary and genderqueer: An overview of the field. *International Journal of Transgenderism*, 20(2–3), 126–131. <https://doi.org/10.1080/15532739.2018.1538841>

Moradi, B., Tebbe, E. A., Brewster, M. E., Budge, S. L., Lenzen, A., Ege, E., Schuch, E., Arango, S., Angelone, N., Mender, E., Hiner, D. L., Huscher, K., Painter, J. og Flores, M. J. (2016). A content analysis of literature on trans people and issues: 2002–2012. *The Counseling Psychologist*, 44(7), 960–995. <https://doi.org/10.1177/0011000015609044>

Nordmarken, S. (2014). Microaggressions. *TSQ: Transgender Studies Quarterly*, 1(1–2), 129–134. <https://doi.org/10.1215/23289252-2399812>

Paechter, C., Toft, A. og Carlile, A. (2021). Non-binary young people and schools: Pedagogical insights from a small-scale interview study. *Pedagogy, Culture & Society*, 29(5), 695–713. <https://doi.org/10.1080/14681366.2021.1912160>



Perez, C., C. (2019). *Invisible Women: Exposing Data Bias in a World Designed for Men*. Vintage.

Persónuvernd (2018). *Leiðbeiningar um samþykki*. 1. útgáfa. 1-13.

[https://www.personuvernd.is/media/leidbeiningar-personuverndar/Leidbeiningar-um-samthykki\\_5.4.2018.pdf](https://www.personuvernd.is/media/leidbeiningar-personuverndar/Leidbeiningar-um-samthykki_5.4.2018.pdf)

Rebekka Líf Ingadóttir (2022). Kváradagurinn haldinn hátíðlegur í dag. RÚV.

<https://www.ruv.is/frett/2022/03/22/kvaradagurinn-haldinn-hatidlegur-i-dag>

Regn Sólmundur Evudóttir (2021). Minning um mig. *Fréttablaðið*.

<https://www.frettabladid.is/skodun/minning-um-mig/>

Samtökin '78 (2021)a. *Hýryrði 2020 – Niðurstöður*. <https://samtokin78.is/hyryrði-2020-nidurstodur/>

Samtökin '78 (2021)b. *ÁRSSKÝRSLA SAMTAKANNA '78 2021–2022*.

<https://k3r6k4a9.rocketcdn.me/wp-content/uploads/2022/03/Arsskyrsla-2021.pdf>

Samtökin '78. (2015). *Burið mitt er vífguma - Hýryrði 2015*. <https://samtokin78.is/buridh-mitt-er-vifguma-hyryrdhi-2015/>

Savage, R. og Banerji, A. (2022). Passport to acceptance? LGBTQ+ travellers wary about gender-neutral IDs. *Openly*. [https://www.openlynews.com/i/?id=612e0cd6-55e7-4369-9c1d-](https://www.openlynews.com/i/?id=612e0cd6-55e7-4369-9c1d-6966bf525864&fbclid=IwAR08eJGrR8VTPbjrq8vypXKAXRGcFf3NFn15ZCDBJveDagJQ45jPawYIZfI)

[6966bf525864&fbclid=IwAR08eJGrR8VTPbjrq8vypXKAXRGcFf3NFn15ZCDBJveDagJQ45jPawYIZfI](https://www.openlynews.com/i/?id=612e0cd6-55e7-4369-9c1d-6966bf525864&fbclid=IwAR08eJGrR8VTPbjrq8vypXKAXRGcFf3NFn15ZCDBJveDagJQ45jPawYIZfI)

Schilt, K., og Lagos, D. (2017). The Development of Transgender Studies in Sociology. *Annual Review of Sociology*, 43(1), 425–443. <https://doi.org/10.1146/annurev-soc-060116-053348>

Sigríður Halldórsdóttir (2013). *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Ásprent Stíll ehf.

Snorri Másson (2022). „Leghafi“ ágætt orð en Katrín ætlar ekki að hætta að segja „kona“. *Vísir*.

<https://www.visir.is/g/20222230863d>

Snærós Sindradóttir (2018). Fær nýja nafnið ekki viðurkennt í skólanum. RÚV.

<https://www.ruv.is/frett/faer-nyja-nafnid-ekki-vidurkennt-i-skolanum>

Sólveig Klara Ragnarsdóttir (2022). „Segja okkur að hengja okkur og drepa okkur“. RÚV.

<https://www.ruv.is/frett/2022/05/25/segja-okkur-ad-hengja-okkur-og-drepa-okkur>

- Stefán Árni Pálsson (2021). Demi Lovato er kynsegin. *vísir*.  
<https://www.visir.is/g/20212111318d>
- Stefán Árni Pálsson (2022). „Mjög mikið frelsi þegar ég áttaði mig á því að ég þyrfti ekki að velja og hafna“. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222210539d>
- Stjórnarráð Íslands (2021). *Kortlagning kynjasjónarmiða: Stöðuskýrsla 2021*.  
<https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Mannrettindi-ogjafnretti/Jafnretti/Kortlagning%20a%cc%81%20kynjasjo%cc%81narmi%c3%b0umSto%cc%88%c3%b0usky%cc%81rsla%202021.pdf>
- Stjórnarráð Íslands (2022). *Kortlagning kynjasjónarmiða: Stöðuskýrsla 2022*.  
[https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/\\_Kortlagning\\_kynjasjonarmida\\_vefur.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/_Kortlagning_kynjasjonarmida_vefur.pdf)
- Taylor, J., Zalewska, A., Gates, J. J. og Millon, G. (2019). An exploration of the lived experiences of non-binary individuals who have presented at a gender identity clinic in the united kingdom. *International Journal of Transgenderism*, 20(2–3), 1–10  
<https://doi.org/10.1080/15532739.2018.1445056>
- Taylor, S. J., Bogdan R. og DeVault, M. L. (2015). *Introduction to Qualitative Research Methods: a resource and guidebook* (4<sup>th</sup> ed.). WILEY.
- Trans Ísland (e.d.). *Upplýsingar*. <https://transisland.is/upplysingar/>
- Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir (2020). „Að líða vel í eigin skinni. Stiklað á stóru um baráttu transfólks.“. í *Afmælisrit Samtakanna '78 2020*, 24–33.  
<https://timarit.is/page/7299847#page/n23/mode/2up>
- UN Women (2021). *Kynslóð jafnréttis: Hafði enga hugmynd um hvernig framtíð mín gæti litið út*. <https://unwomen.is/kynslod-jafnrettis-hafdi-enga-hugmynd-um-hvernig-framtid-min-gaeti-litid-ut/>
- Viktor Örn Ásgeirsson (2021). Neitar að hafa kallað trans konu „karl í kerlingapels“. *Vísir*.  
<https://www.visir.is/g/20212185736d>
- Walby, S. (1990). *Theorizing patriarchy*. Blackwell.
- Waller, V., Farquharson, K., og Dempsey, D. (2016). *Qualitative social research: Contemporary methods for the digital age*. SAGE.
- World Economic Forum (2021). *Global Gender Gap Report 2021*.  
<https://www.weforum.org/reports/global-gender-gap-report-2021/in-full>

- Yavorsky, J. E. (2016). Cisgendered Organizations: Trans Women and Inequality in the Workplace. *Sociological Forum*, 31(4), 948–969. <https://doi.org/10.1111/socf.12291>
- Yin, R. K. (2015) *Qualitative Research from Start to Finish* (2nd ed). New York: The Guilford Press.
- Þjóðskrá (2019). *Lög um kynrænt sjálfræði hafa tekið gildi*. <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2019/07/09/Log-um-kynraent-sjalfraedi-hafa-tekid-gildi/>
- Þjóðskrá (2021). *Vegna umfjöllunar um gjaldtöku fyrir leiðréttingu á skráningu kyns*. <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2021/01/11/Vegna-umfjollunar-um-gjaldtoku-fyrir-leidrettingu-a-skraningu-kyns-/>
- Þjóðskrá (e.d.). *Gjaldskrá*. <https://www.skra.is/um-okkur/um-okkur/gjaldskra/>
- Þorvaldur S. Helgason (2021)a. Fjarlægði kynjamerkingar af klósettum í mótmælaskyni. *Fréttablaðið*. <https://www.frettabladid.is/frettir/gomad-af-husverdi-skolans-sem-brast-sidur-en-svo-vel-vid-adgerdunum/>
- Þorvaldur S. Helgason (2022)b. Vanræktur hópur í heilbrigðiskerfinu. *Fréttablaðið*. <https://www.frettabladid.is/frettir/vanraektur-hopur-i-heilbrigdiskerfinu/>
- Þorvaldur S. Helgasson (2021)b. Árnastofnun samþykkir hán: „löngu tímabært“ segir formaður Trans Ísland. *Fréttablaðið*. <https://www.frettabladid.is/frettir/arnastofnun-samthykkir-han-longu-timabaert-segir-formadur-trans-island/>
- Þorvaldur S. Helgasson (2022)a. Trans og kynsegin fólk efins með kynhlutlaus vegabréf. *Fréttablaðið*. <https://www.frettabladid.is/frettir/trans-og-kynsegin-folk-efins-med-kynhlutlaus-vegabref/>

## Viðauki 1 – Viðtalsrammi

Áður en viðtal hefst sýni ég viðmælanda eftirfarandi skjöl til undirritunar:

1. Kynningarbréf
2. Trúnaðaryfirlýsing og samþykki vegna þátttöku

### **Inngangsspurningar um bakgrunn og upplifun af kyni/kyngervi**

- Hvaða fornafn notar þú?
- Hvað gerir þú?
  - Ertu í námi? vinnu? Áttu barn/börn?
- Ertu með innflytjendabakgrunn?
- Skilgreinir þú sem fatlað?
- Hvað ertu gamalt?
- Hvernig myndir þú lýsa kyngervi þínu? Hvaða orð notar þú yfir kyn/kyngervi þitt?
  - Getur þú lýst á eins ítarlegan hátt og þú getur, hvert þitt kyngervi sé? En hvernig þú upplifir það?
- Hefur þú gengist í gegnum kynleiðréttandi aðgerðir?
  - Ef ekki, langar þér það?
- Hvernig upplifir þú að þitt kyngervi hafir áhrif á þitt líf?
- Ert þú opið fyrir öllum um kyn þitt?
- Hvernig hefur fólk í kringum þig tekið í það? Hvernig bregst fólk í kringum þig við því að þú sért kvár?
  - Fjölskyldan? Vinir? Samstarfsfélagar? Ókunnugt fólk? Stofnanir eins og heilbrigðiskerfið? Skólakerfið?

## **Birtingarmyndir kynjamisréttis hjá kvárum**

Útskýra kynjamisrétti ef þörf er á: Þegar fjallað er um kynjajafnrétti þá er lang oftast fjallað um konur og karla engin önnur kyn tekin til greina. Dæmi um kynjamisrétti í þessum binary skilningi er að konur eiga erfiðara fyrir að komast í stjórnunar- og ábyrgðarstöður á vinnumarkaði, fá lægri laun og eru frekar beittar ofbeldi en karlar.

- Hvernig telur þú að kynjamisrétti birtist fyrir kvár?
- Í þínu lífi, hefur þú upplifað mótlæti vegna kyns þíns?
  - Hefur þú upplifað að fólk komi ólíkt fram við þig en síis konu eða karl, vegna þess að þú ert kvár?
    - Getur þú lýst því nánar? Þessum atburði/ þeirri upplifun?
  - Upplifir þú að það sé verið að reyna að þröngva þér inn í box kynjatvíhyggjunnar?

## **Aðgerðir stjórnvalda og/eða stofnanna**

- Eru staðir innan kerfisins þar sem þú gengur á vegg?
  - Hvernig birtist það?
  - Hvað telur þú að væri gagnlegt til þess að bæta þetta?
- Hvað telur þú að skólakerfið geti gert betur til að mæta betur þörfum kvára?
  - En heilbrigðiskerfið? Stjórnsýsla?
- Hvað telur þú að aðrir geti bætt til þess að koma betur til móts við þarfir kvára?
  - Í skólakerfinu? Í samfélaginu? Á vinnustað? Í heilbrigðiskerfinu?